

BRIDGE

NORÐUR

♠ Á7
♥ ÁK1097
♦ 832
♣ 1095

VESTUR

♠ G32
♥ 832
♦ K104
♣ ÁDG8

AUSTUR

♠ D98
♥ DG5
♦ DG65
♣ 743

SUÐUR

♠ K10654
♥ 64
♦ Á97
♣ K62

SUÐUR SPILAR TVO SPAÐA

Baráttan harða



**BIKARINN
VERÐLAUNASPIL
SAGNSPEKI
SAGNKEPPNI
DEILDAKEPPNIN
PERLUR FRÁ HM
ÚRSLITALEIKUR HM**

2  2005

Spil vesturs

Spil 1 ♠ ÁD82
V/AV ♥ Á
♦ Á7
♣ KG10843

Spil 2 ♠ ÁK9
A/Allir ♥ 5
♦ D1063
♣ KD1054

Spil 3 ♠ ÁD7
V/NS ♥ G1053
♦ Á4
♣ K842

Spil 4 ♠ ÁK52
A/Enginn ♥ ÁKG
♦ K4
♣ 10832

Spil 5 ♠ -
V/NS ♥ K864
♦ Á64
♣ ÁKG753

Spil 6 ♠ ÁD6
A/NS ♥ 10632
♦ 642
♣ 742

Spil 7 ♠ 8
V/Enginn ♥ D3
♦ ÁKG64
♣ ÁK842

Spil 8 ♠ D10962
A/AV ♥ G43
♦ 85
♣ KD9

Spil 9 ♠ G76
V/NS ♥ 8
♦ ÁKG76
♣ ÁD54

Spil 10 ♠ ÁD53
A/Enginn ♥ DG
♦ K8763
♣ G5

LAUSN Á FORSÍÐUÞRAUT

MICHAEL Rosenberg hefur gott auga fyrir möguleikum úrspilsins og forsíðuþrautin er frá honum komin, en eftir nokkrum krókaleiðum. Spilið kom upp í tvímenningi á haustleikum Bandaríkjamanna í Denver í nóvember:

NORÐUR		
♠ Á7		
♥ ÁK1097		
♦ 832		
♣ 1095		
VESTUR		AUSTUR
♠ G32		♠ D98
♥ 832		♥ DG5
♦ K104		♦ DG65
♣ ÁDG8		♣ 743
SUÐUR		
♠ K10654		
♥ 64		
♦ Á97		
♣ K62		

Hvernig á að taka 8 slagi í spaðasamningi með litlum tígli út?

Suður er gjafari og allir á hættu. Bandaríkjamenn eru íhaldssamir í sögnum og víðast hvar sögðu bæði suður og vestur pass og norður vakti á einu hjarta í þriðju hendi. Suður svaraði á einum spaða og þar lauk sögum á flestum borðum.

Allir sagnhafar fengu sjö slagi, en þegar Rosenberg skellti spilinu í *Deep Finesse*-reikniforritið, kom á daginn að átta slagir voru tiltækir með tiltölulega eðlilegri spilamennsku. Rosenberg lagði þrautina fyrir fjölda svokallaðra "sérfræðinga", en enginn fann leiðina að átta slögum.

Leið Deep Finesse:

Til að byrja með verður að drepa tígluga austurs strax, því ella kemur lauf í gegnum kónginn á óhagstæðum tímapunkti.

Síðan kemur nauðsynlegur millileikur: Frekar en að fara í trompið, tekur sagnhafí ♥ÁK og trompar það þriðja. Spilar sér síðan út á tígli.

Ef að líkum lætur, tekur austur slaginn á tíguldröttningu og spilar laufi. Það er dúkkað yfir á laufgosa vesturs og hann tekur líka á tígulkóng.

Nú er staðan þessi:

NORÐUR		
♠ Á7		
♥ 109		
♦ -		
♣ 109		
VESTUR		AUSTUR
♠ G32		♠ D98
♥ -		♥ -
♦ -		♦ 6
♣ ÁD8		♣ 43
SUÐUR		
♠ K1065		
♥ -		
♦ -		
♣ K6		

Vestur er strangt tekið ekki endaspilaður, því það kostar hann ekki slag spila spaða - sem hann verður að gera.

En sjáum til - lítið úr borði og drottning tekin með kóng. Síðan kemur spaði á ás og fríhjarta úr blindum. Austur verður að trompa, því ella hendir suður laufi heima og neyðir vestur til að stinga með hæsta trompi. Sem sagt: austur trompar og suður yfirtrompar með tíu.

Vestur er nú dæmdur maður, en sennilega lengir hann líf sitt með því að henda laufáttu. En eigi má sköpum renna, næsta slag fær vestur á spaðagosa og verður að gefa suðri á laufkónginn í lokin.

Við tökum ofan fyrir *Deep Finesse*.



Forsíðan

"The Tough Game" heitir bók eftir Hugh Kelsey, sem fjallar um harða baráttu í sveitakeppni. "Baráttan harða" á forsíðunni er frá Bikarúrslitaleik Eykar og Grant Throntons.

BRIDGE

20. ÁRGANGUR, TÖLUBLAÐ 74

Ritstjóri og áb.m: Guðm. P. Arnarson
Póstfang: Víghólastígur 6 - 200 Kópavogur
Netfang: GPA@simnet.is
Símar: 564-4247 og 898-5427

SVEIT Eyktar varð bikarmeistari BSÍ 2005 eftir sigur á Grant Thornton í úrslitaleik. Aður höfðu Eykarmenn lagt Íslandsmeistarana í sveit Ferðaskrifstofu Vesturlands í undanúrslitum, en Grant Thornton vann Hermann Friðriksson og féлага.

Í sigurliði Eyktar spiluðu: Jón Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sverrir Ármannsson og Aðalsteinn Jörgensen.

Lið Grant Thorntons var þannig skipað: Ásgeir Ásbjörnsson, Hrólfur Hjaltason, Jónas P. Erlingsson og Sveinn Rúnar Eiríksson.



Frá úrslitaleiknum: Sverrir Gaukur og Jónas Pétur spila í lokaða salnum.

♠♥♦♣

Í undanúrslitum voru spiluð 48 spil í fjórum 12 spila lotum:

Undanúrslit

LOTUR	1	2	3	4	ALLS
Eykt	7	39	54	28	128
FV	45	15	13	8	81

LOTUR	1	2	3	4	ALLS
Grant T.	17	40	7	15	79
Hermann	15	16	20	2	53

Í sveit Ferðaskrifstofu Vesturlands spiluðu: Karl Sigurhjártarson, Ljósbrá Balduradóttir, Magnús Eiður Magnússon, Matthías Þorvaldsson og Sævar Þorbjörnsson.

Sveit Hermanns Friðrikssonar var þannig skipuð: Hermann, Guðmundur Sveinsson, Jón Inghórrsson, Kristján Blöndal og Valur Sigurðsson.

Úrslitaleikurinn var 64 spil í fjórum 16 spila lotum:

Útislitaleikurinn

LOTUR	1	2	3	4	ALLS
Eykt	15	30	42	38	125
FV	22	26	11	32	91

BLINDUR
♠ G82
♥ KG63
♦ 106
♣ KG108

ÞÚ (SUBUR)
♠ ÁKD9
♥ Á2
♦ Á9743
♣ ÁD

Hvernig á að spila 6G í suður með litlu laufi út?

(AV hafa ekkert skipt sér af sögnum.)

Hrólfur Hjaltason stóð frammi fyrir þessu verkefni í úrslitaleiknum.

Toppslagir eru ellefu og Hrólfur taldi sennilegt að hann yrði að svína ♥G fyrir tólfta slagnum.

En ekkert lá á. Hrólfur tók fyrsta slaginn á ♣Á og dúkkaði tígul. Hann fékk lauf um hæl og tók þá alla slagina á svörtu litina. Austur reynist eiga tvílit í spaða og þrílit í laufi, en hann henti einum tígli og tveimur hjörtum.

Athyglisvert.

Báðir voru með í ♦Á og þegar Hrólfur tók ♥Á og spilaði hjarta að blindum, fylgdi vestur lit.

BLINDUR
♠ -
♥ KG
♦ -
♣ -

ÞÚ (SUBUR)
♠ -
♥ 2
♦ 9
♣ -

Á að svína eða fara upp með kónginn?

♠♥♦♣

Förum yfir stöðuna:

Vestur hefur sýnt 4-4 í spaða og laufi og fylgt tvisvar lit í tígli.

Ef vestur á hæsta tígul er skipting hans 4-2-3-4 og þá fær austur alltaf á ♥D. En hafi vestur hefur byrjað með skiptinguna 4-3-2-4 gæti austur hafa þvingast í rauðu litinum með ♥D og tígulvaldið. Hrólfur spilaði upp á það og stakk upp ♥K ...



"I have the rest - einn dán." Hrólfur "kleimar" upp á einn niður gegn Jóni Bald.

NORÐUR
♠ G82
♥ KG63
♦ 106
♣ KG108

VESTUR
♠ 10765
♥ D84
♦ D2
♣ 9632

AUSTUR
♠ 43
♥ 10975
♦ KG85
♣ 754

SUÐUR
♠ ÁKD9
♥ Á2
♦ Á9743
♣ ÁD

Já, Hrólfur var óheppinn, ♥D lá fyrir svíningu. En hann spilaði rétt, því það voru meiri líkur á að austur ætti drottninguna í sönnuðum fjórlit en vestur í þrílit. - Aðalsteinn spilaði eins á hinu borðinu og fékk aðeins 11 slagi, en sá var munurinn að hann var í þremur gröndum, en ekki sex.

Enginn endaspilar mig ...

NORÐUR
♠ Á73
♥ D765
♦ KG
♣ K832

VESTUR
♠ D1092
♥ G8
♦ ÁD862
♣ Á5

AUSTUR
♠ 86
♥ 94
♦ 1097543
♣ 974

SUÐUR
♠ KG54
♥ ÁK1032
♦ -
♣ DG106

Suður spilar sex hjörtu.

Ásgeir Ásbjörnsson var í sagnhafasætinu og fékk út ♦Á. Í sögnum hafði Aðalsteinn Jörgensen í vestur doblað opnun suðurs á 1♥ og því taldi Ásgeir réttilega litla von til þess að spaðasvíningin gengi. Ásgeir reyndi því að leggja snöru fyrir Aðalstein. Hann tók tvisvar tromp og spilaði svo ♣G að heiman eins og hann ætlaði sér að svína. Ef gosinn sleppur í gegn, fer sagnhafi inn á blindan á spaðaás, tekur tígulkóng og sendir vestur inn á ♣Á.

En Aðalsteinn hafði engan áhuga á slíkum málalokum - hann rauk strax upp með laufásinn og spilaði aftur laufi og tryggði sér þannig slag á ♠D í lokin.

Alfjóðasamband brids-
blaðamanna velur í kjöri
nokkur bestu spil hvers árs og
veitir viðkomandi spilurum og
þeim blaðamönnum sem frá
greindu viðurkenningar. Veitt
eru verðlaun fyrir besta úrspilið,
bestu vörnina og sagnröðina.
Ennfremur eru verðlaun fyrir
besta spil í ungliðaflokki, fyrir
bestu bridsbók ársins, og svo
er kjörinn persónuleiki ársins í
heimi bridsmanna. Verðlauna-
veitingin fyrir árið 2005 fór
fram samhliða HM í Portúgal í
nóvember.

Besta úrspilið

Suður spilar fimm hjörtu:

	NORÐUR	
	♠ 743	
	♥ K54	S/Enginn
	♦ ÁD9753	
	♣ 6	
VESTUR		AUSTUR
♠ ÁKD108		♠ G952
♥ 6		♥ D1087
♦ K4		♦ G108
♣ K5432		♣ 98
	SUÐUR	
	♠ 6	
	♥ ÁG932	
	♦ 62	
	♣ ÁDG107	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Welland	Allenspach	Fallenius	Pettis
-	-	-	1 ♥
1 ♠	2 ♠ *	Pass	4 ♥
Dobl	Pass	4 ♠	Pass
Pass	5 ♥	Allir pass	

Spilið kom upp í sveitakeppni í Bandaríkjunum. **Bill Pettis** var í sæti sagnhafa með þá Roy Welland og Björn Fallenius í vörninni. Sagnir höfðu verið upplýsandi og Pettis spilaði sem á opnu borði.

Welland byrjaði á tveimur efstu í spaða. Pettis trompaði og spilaði strax laufás og drottningu. Welland fylgdi smátt og Pettis henti þriðja spaða blinds. Aftur trompsvinaði Pettis í laufi og kastaði nú tígli þegar Welland fylgdi enn með smáu.

Fallenius trompaði þriðja laufið og varðist vel með því að spila spaða í tvöfalda eyðu. Pettis henti laufi heima og trompaði í borði. Hann spilaði svo hjarta á níuna (!) og tígli á drottningu. Tók tígulás og stakk tígul.

Staðan var þá:

	NORÐUR	
	♠ -	
	♥ K	
	♦ 97	
	♣ -	
VESTUR		AUSTUR
♠ D		♠ -
♥ -		♥ D108
♦ -		♦ -
♣ K5		♣ -
	SUÐUR	
	♠ -	
	♥ ÁG	
	♦ -	
	♣ 10	

Pettis víxltrompaði til enda og Fallenius þurfti tvívegis að undirtrompa.

Besta sagnröðin

Hackett-bræður í banastuði:

	NORÐUR	
	♠ Á5	
	♥ KG82	A/NS
	♦ D65	
	♣ ÁD65	
VESTUR		AUSTUR
♠ D107		♠ G98643
♥ 10		♥ D43
♦ 1072		♦ G
♣ K108743		♣ G92
	SUÐUR	
	♠ K2	
	♥ Á9765	
	♦ ÁK9843	
	♣ -	

Vestur	Norður	Austur	Suður
??	Justin	??	Jason
-	-	Pass	1 ♦
Pass	1 ♥	1 ♠	5 ♣ ¹⁾
Pass	5 ♠ ²⁾	Pass	6 ♣ ³⁾
Pass	7 ♦ ⁴⁾	Pass	Pass ⁵⁾
Pass			

- (1) Spurning um lykilspil fyrir utan lauf (Exclusion Key Card.)
- (2) Tvö lykilspil fyrir utan laufið, ekki drottningin í hjarta.
- (3) Eitthvað aukalega?
- (4) Svo sannarlega! Getum við kannski spilað tígul?
- (5) Það er nú líkast til.

Spilið er frá boðstvimenningi í Utrecht í Hollandi (The White House tournament) og það eru bresku bræðurnir **Justin** og **Jason Hackett** sem svífa á léttum vængjum upp í sjö tígla.

En þótt sagnröðin sé tíguleg, er samningurinn síður en svo á borðinu - hjarta-drottninguna þarf að finna.

Jason gerði það, enda varla forsvaranlegt að tapa spili sem meldað er af slíkri kunnáttu!



Út kom spaði, sem Jason tók heima og spilaði fyrst litlum tígli á drottninguna (til að verjast G10xx í austur). Síðan trompaði hann lauf og tók ÁK í tígli.

Fór næst inn í borð á spaðaás, tók laufás og stakk lauf.

Nú var tímært að staldra við. Jason kíkta á kerfiskort mótherjanna og þar kom fram að þeir nota Tartan-tvo (Jón og Símon) með 5-4 í hálit og láglit og veik spil, en hins vegar ekki multi. Aha, austur á þá varla meira en þrjú lauf og þar með skiptinguna 6-3-1-3.

Jason spilaði litlu hjarta að blindum og fagnaði tíunni í huganum. Hann drap með kóng og svínaði fyrir drottningu austurs. Eggið.

Maður ársins

Tölvugúrinn **Fred Gitelman** er maðurinn á bak við BBO-vefinn (Bridge Base Online) og fyrir það var hann heiðraður af IBPA (International Bridge Press Association) og útnefndur persónuleiki ársins 2005.



Gitelman er Kanadamaður á fertugsaldri, fæddur í Tóronto, en síðustu árin hefur hann búið í Las Vegas og er því gjaldgengur í bandaríska landsliðið. Hann keppti fyrir hönd Bandaríkjanna á HM í Estoril og varð í þriðja sæti í opna flokknum. Áður hafði Gitelman tvívegis unnið til silfurverðlauna á HM, fyrst í ungmennaflokki 1991 og síðan í opna flokknum 1995, en þá spilaði hann fyrir Kanada.

Besta vörnin

Roy Welland er aftur í hlutverki förnarlambins í verðlaunaspili, en nú er hann sagnhafi í 3G með **Bart Bramley** og **Mark Feldman** í vörninni.

	NORÐUR		
	♠ 942		
	♥ ÁKG94	N/Allir	
	♦ 2		
	♣ Á876		
VESTUR		AUSTUR	
♠ Á8		♠ 107653	
♥ 1073		♥ D85	
♦ DG843		♦ 1076	
♣ G52		♣ D9	
	SUÐUR		
	♠ KDG		
	♥ 62		
	♦ ÁK95		
	♣ K1043		

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♥	Pass	2 ♣
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

Bramley spilaði út tígulgosa, sem lofar drottningunni (Rusinow-útspil). Feldman kallaði út á tíuna og Welland dúkkaði. Næst kom tígull á tíu og kóng.

Setjum okkur nú í spor sagnhafa og ihugum bestu leiðina.

Suður er með gaffal í tíglinum og vill alls ekki hleypa austri inn til að spila í gegnum Á9. Því er áhættusamt að svína strax í hjarta - og leiðir beint til taps, eins og legan er. Og það er síður en svo sjálfgefið að byrja á spadanum, því það gæti skapað vandræði ef austur er með ásinn.

Welland fann ágæta áætlun. Hann spilaði hjarta á ásinn og litlu laufi úr borði og hugðist láta tíuna heima duga. Þannig ætlaði hann að fría slag á lauf án þess að hleypa austri að og sækja svo spadaásinn síðar.

En nú var komið að þætti varnarinnar - Feldman stakk upp laufdrottningunni!

Ekki mátti dúkka hana, svo Welland drap og spilaði hjarta að blindum, alveg tilbúinn til að dúkka drottninguna ef hún kæmi úr vestrinu. En vestur fylgdi með hundi, svo Welland ákvað að drepa hátt og spila spada á kónginn.

Og nú var það Bramley sem sýndi tilþrif með því að dúkka spada kónginn eldsnögg!

Þetta heitir að rugla sagnhafa í ríminu.

Welland taldi víst að austur ætti spada-ásinn og spilaði nú laufás og meira laufi á gosa vesturs, en gætti ekki að því að eiga síðustu laufinnkomuna í borði.

Það reyndust vera alvarleg mistök.

	NORÐUR		
	♠ 9		
	♥ G94		
	♦ -		
	♣ 6		
VESTUR		AUSTUR	
♠ Á		♠ 1076	
♥ 10		♥ D	
♦ D84		♦ 7	
♣ -		♣ -	
	SUÐUR		
	♠ DG		
	♥ -		
	♦ K9		
	♣ 10		

Þegar hér er komið sögu hefur vörnin fengið tvo slagi.

Bramley var inni á laufgosa og spilaði hjarta yfir á drottningu makkers. Feldman kom með tígul til baka og Bramley fékk þannig tvo slagi í viðbót - á spadaás og tíguldrottningu: einn niður.

Besta ungmennaspilið

Joe Grue er ótvírætt ein hjartasta von Bandaríkjamanna af yngri kynslóðinni. Hér er hann í suður, sagnhafi í fjórum spöðum dobluðum:

	NORÐUR		
	♠ 7643		
	♥ KG83	S/Enginn	
	♦ Á965		
	♣ 5		
VESTUR		AUSTUR	
♠ D82		♠ 9	
♥ 74		♥ Á1065	
♦ 32		♦ K874	
♣ G108742		♣ ÁK63	
	SUÐUR		
	♠ ÁKG105		
	♥ D92		
	♦ DG10		
	♣ D9		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Wolpert	Kranyak	Demuy	Grue
-	-	-	1 G
Pass	2 ♣	Pass	2 ♠
Pass	3 ♣	Pass	3 G
Pass	4 ♠	Dobl	Pass
Pass	Pass		

Spilið kom upp á HM ungmenna, sem fram fór í Ástralíu síðsumars.

Bandaríkjamenn unnu eftir æsispennandi úrslitaleik við Pólverja - þar sem jafnt var upp á IMPa eftir 96 spil - en hér eru þeir að keppa við Kanadamenn í raðkeppninni.

Dobl austurs í lokin er ungfæðislegt, en ekki alvitlaust, því hann á von á því að makker sé með fjórlit í trompi.

Vestur kom út hjartasjöu og Grue fékk að eiga fyrsta slaginn á níuna. Eftir skamma ihugun, spilaði spilaði Grue síðan spada gosa að heiman!!

Ósvífið bragð, sem erfitt er að verjast og vestur verður ekki hart dæmdur fyrir að dúkka. En Grue fær fyrstu einkunn, bæði fyrir að lesa doblíð og eins að hafa kjark til að spila eftir sannfæringunni og hætta á tvo niður í leiðinni (ef vestur drepur á drottningu, fær hann líka stungu).



Heimsmeistarar í ungmennaflokki.

Frá vinstri: Ari Greenberg, Justin Lall, John Kranyak, Joe Grue, John Hurd, Joel Wooldridge og fyrirliðinn Bob Rosen.

Besta bridsbók ársins

Blaðamenn töldu að besta bridsbók ársins væri *The Principle of Restricted Talent* eftir Danny Kleinman og Nick Straguzzi. Um er að ræða vel skrifaður gamansögur með snjöllum spilum og skrýtnum skepnum. Flestar sögurnar hafa áður birst í *The Bridge World*.



Íslandsmót í einmenningi

48 spilarar tóku þátt í Íslandsmótinu í einmenningi, sem fram fór um miðjan október. Í verðlaunasætum urðu **Kristinn Þórisson** (gull), **Guðmundur M. Skúlason** (silfur) og **Haraldur Ingason** (brons). Næstir komu: Vilhjálmur Sigurðsson (4), Jón Guðmar Jónsson (5), Harpa Fold Ingólfsdóttir (6), Ómar Olgeirsson (7), Arngunnur Jónsdóttir (8), Arnar Arngrímsson (9) og Þórður Sigurðsson (10). Myndin er af efstu mönnum og Kristjáni Snorrasyni þáverandi forseta BSI, sem afhenti verðlaunin. Frá vinstri: Kristján, Kristinn, Guðmundur og Haraldur.



Íslandsmót eldri og yngri spilara

Íslandsmót eldri og yngri spilara eru jafnan haldin samtímis og spiluð í einum hópi. Í ár tóku 20 pör þátt í keppninni, 14 í eldri flokknum og 6 í þeim yngri. Gamalreynda flokkinn unnu **Sigtryggur Sigurðsson** og **Hrólfur Hjaltason**, en þeir urðu efstir í heildina. Næstir komu **Gylfi Baldursson** og **Steinberg Ríkhartsson**, en þriðju í heldri flokknum urðu **Guðmundur Baldursson** og **Jóhann Stefánsson**. Frá vinstri á myndinni: Guðmundur, Jóhann, Gylfi, Steinberg, Sigtryggur og Hrólfur.



Af yngri spílurum urðu þau **Ari Már Arason** og **Inda Hrönn Björnsdóttir** efst, síðan **Óttar Ingi Oddsson** og **Sigurður Björgvinsson**, og loks **Órvar Snær Óskarsson** og **Gunnar Björn Helgason**. Frá vinstri á myndinni: Órvar, Gunnar, Óttar, Sigurður, Ari og Inda.



Íslandsmót kvenna í tvímenningi

Mæðgurnar **Esther Jakobsdóttir** og **Anna Þóra Jónsdóttir** unnu Íslandsmót kvenna í tvímenningi. Fjórtán pör tók þátt. Í næstu sætum urðu **Erla Sigurjónsdóttir** og **Dóra Axelsdóttir** (silfur) og **Ólöf Þorsteinsdóttir** og **Svala Pálsdóttir** (brons). Frá vinstri: Dóra, Erla, Esther, Anna Þóra, Ólöf og Svala.



Íslandsmót í parasveitakeppni

Fjórtán sveitir tóku þátt í Íslandsmótinu í parasveitakeppi, sem haldið var í lok nóvember. Mótið var jafnt og spennandi, en lauk með sigri sveitar **B.Th. efh.** - sem hljómar eins og eignarhaldsfélag Björns Theódórssonar. Björn kom þó hvergi nærri í spilamenskunni, en Íslandsmeistararnir eru **Karl Grétar Karlsson**, **Svala Pálsdóttir**, **Bryndís Þorsteinsdóttir** og **Heiðar Sigurjónsson**. Með þeim á myndinni er Guðmundur Baldursson forseti BSI, síðan Karl, Svala, Bryndís og Heiðar.



SAGNSPEKI - 10 ÞRAUTIR

Hér á síðunni eru 10
sagnþrautir frá HM í
Portúgal í haust.

Reyndu við þær fyrst og
sjáðu svo á næstu síðum
hvað gerðist við borðið,
og jafnframt hvaða skoðun
íslenskir spekingar hafa á
málunum.

Góða skemmtun ...

1
SUDUR
♠ G1094
♥ D6
♦ KG95
♣ 1096

Vestur gefur; allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦ *	2 ♠	Pass	???

* Multi. sýnir annan hálitinn og veik spil.

Hver er sögnin?

2
SUDUR
♠ Á1098
♥ 4
♦ ÁK64
♣ ÁD53

Austur gefur; NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♦ *	Dobl
2 ♠	Pass	Pass	???

* Multi. ** Val (og um leið hjartafitt).

Hver er sögnin?

3
SUDUR
♠ 7
♥ K42
♦ K2
♣ KDG10652

Vestur gefur; allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠	Pass	Pass	???

Hver er sögnin?

4
SUDUR
♠ G732
♥ -
♦ Á94
♣ ÁK7543

Norður gefur; NS á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	2 ♦ *	3 ♦	???

* Multi.

Hver er sögnin?

5
SUDUR
♠ Á109863
♥ 2
♦ ÁK6
♣ Á75

Suður gefur; AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	-
1 ♠	-	-	-
2 ♥	Dobl *	4 ♥	Dobl
Pass	4 G **	Dobl	Pass
Pass	5 ♦	Pass	???

* Neikvætt. ** Úttekt í láglitina.

Hver er sögnin?

6
SUDUR
♠ D9875
♥ G
♦ KG96
♣ 932

Suður gefur; AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	Pass
Pass	1 ♣ *	Dobl	1 ♠
Pass	1 G **	2 ♥	???

* Standard. ** 12-14 HP.

Hver er sögnin?

7
SUDUR
♠ G9842
♥ ÁDG
♦ ÁKG3
♣ 7

Norður gefur; allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	1 ♣ *	???

* Standard.

Hver er sögnin?

8
SUDUR
♠ ÁD
♥ Á9
♦ KG54
♣ DG642

Vestur gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	Pass	???

Hver er sögnin?

9
SUDUR
♠ 73
♥ K
♦ ÁKDG65
♣ DG65

Norður gefur; AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	2 ♦ *
Pass	2 G	Pass	???

* Geimkrafa.

Hver er sögnin?

10
SUDUR
♠ ÁKDG52
♥ 9
♦ -
♣ 876542

Vestur gefur; enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	1 ♠	???

Hver er sögnin?

Þrettán íslenskir spilarar
töku þátt í keppninni
fyrir Bridgeblaðið og er
fyrsta einkunn metin
ljóðræðislega út frá afstöðu
þeirra. Stigagjöf fyrir
aðra möguleika ræðst hins
vegar að hluta til af smekki
ritstjórans, sem leyfir sér
að hækka upp spennandi
kosti ef rökin eru góð.

SVÖR SPEKINGANNA

BRAUTIRNAR tíu eiga allar uppruna sinn á HM í Estoril í haust og eru spilin valin vegna þess að þau reyndust keppendum erfið - það var eina viðmiðið. *Multi*-sagnvenjan kemur töluvert við sögu - svo mikið, að Anton Haraldsson talar um *multi*-æfingar - en það var svo sem ekki ætlunin fyrirfram. En svo er að sjá sem *multi* skapi mikinn glundroða á báða bóga, því langflest sagnslysín í mótinu áttu sér stað eftir þá byrjun.

(1) *V/Allir. Suður á:*

♠ G1094 ♥ D6 ♦ KG95 ♣ 1096

Vestur	Norður	Austur	Suður
2 ♦ *	2 ♠	Pass	???

* Multi: veikir tveir í hálit.

Hér er spurningin fyrst og fremst sú hvort hækka eigi í 3♠ eða passa.

Ásmundur Pálsson: 3♠. Þrjú hjörtu (sem góð hækkan) er of mikið, en pass of lítið. Tvö grönd (sem krafa) er athyglisverð hugmynd, sem ég hafna þó.

Bjarni H. Einarsson: Pass. Þótt ég eigi gott fitt, þá á ég rosalega lítil spil og reikna með að ♥D sé einskis virði. Geim stendur sennilega ef makker er með stutt lauf, en er ekki líklegur að hann sé stuttur í tígli?

Hrólfur Hjaltason: 3♠. Kurteisreis. Nota 3♥ sem betri hækkan.

Karl Sigurhjártarson: Pass. Efast um að 3♥ sýni góða hækkan í þessari stöðu, þannig að 3♠ er alvöru áskorun. Eignum ekkert í það.

Magnús Magnússon: 3♠. Þrjú hjörtu sem góð hækkan væri yfirmelding.

Matthías Þorvaldsson: Pass. Þrjú spáðar einfaldlega of líkleg sögn til að breyta plús í mínus.

Ragnar Magnússon: 3♠. Makker getur hæglega átt góð spil sem henta við okkar.

Sigurbjörn Haraldsson: 3♠. Get ekki annað, en biðst afsökunar ef makker fer niður á 4♠.

Stefán Jónsson: 3♠. Vildi helst segja tvo og hálfan spáða.

Valur B. Sigurðsson: 2G. Engin melding sjálfsögð í stöðunni, en reyni 2G og hlusta.

Þorlákur Jónsson: 3♠. Spurning hvað er í gangi. Af hverju passar austur? Getur verið að hann haldi að makker sinn eigi spáðalit. Hvað eigum við að gera ef sagnir eftir þrjú spáða ganga "pass-pass-4♥" í austur? Líklegast er þó að makker sé með góð spil og 4♠ standi.

Umsjónarmaður (GPA): Er sammála Karli - mér finnst ekki að 3♥ sé góð hækkan í spáða. Suður gæti átt eitthvað þessu líkt:

♠ x ♥ ADG10xx ♦ Kxx ♣ Dxx

Makker er að melda inn á sexlit opnara í spáða og við eigum hugsanlega slemmu í hjarta. Það verður að vera hægt að segja hjartalitin eðlilega.

(1)

NORÐUR

♠ ÁD753

♥ Á

♦ D7

♣ KD843

V/Allir

VESTUR

♠ K

♥ K10953

♦ 10863

♣ Á52

AUSTUR

♠ 862

♥ G8742

♦ Á42

♣ G7

SUÐUR

♠ G1094

♥ D6

♦ KG95

♣ 1096

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sontag	Haughie	Weichsel	Nagy
2 ♦	2 ♠	Allir pass	

Spilið er frá fyrstu umferð mótsins og sagnirnar að ofan eru úr leik Bandaríkjamanna og Ástralá í öldungadeildinni. Ástralinn Nagy valdi að passa og makker hans fékk 11 slagi. - Tvennt er íhugarvert varðandi sagnir AV. Annars vegar hin bjagaða 10 punkta hönd Sontags, og hins vegar pass Weichsels, sem vill ekki ýta NS í geim.

STIG: 3♠=10, 2G=7, Pass=5, 4♠=3, 3♥=2

(2) *A/NS. Suður á:*

♠ Á1098 ♥ 4 ♦ ÁK64 ♣ ÁD53

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	2 ♦ *	Dobl
2 ♠ **	Pass	Pass	???

* Multi. ** Val (og um leið hjartafitt).

Plús er líklegur í 2♠, en er meira að hafa - geim í láglit, til dæmis?

Ásmundur Pálsson: Pass. Augljóst, en svoltið hugsandi yfir dobl á 2♦. Ég ætla ekki að gera aðra tilraun til að leiða asnann í herbúðirnar; mér er satt að segja talsvert létt yfir þróun mála.

Bjarni H. Einarsson: Pass. Makker sagði ekkert við 2♠ og á því varla mikil spil. Því er best að verjast og reyna að ná tölunni.

Karl Sigurhjártarson: Dobl. Fyrsta dobl sýnir 13-16 punkta, þannig að þetta er eitthvað meira. Þó ekki 17-19 jafnskipt, því þá hefðum við sagt 2G strax. Þetta er Lebensohl-staða, svo ef makker segir eitthvað annað en 2G erum við komnir í geim.

Magnús Magnússon: Pass. Á enga sögn. 2G væru 19-21 og jöfn skipting. Vona bara að makker eigi ekki: ♠x ♥Gxxx ♦Dxx ♣Kxxxx.

Matthías Þorvaldsson: Dobl. Pass var fyrsta hugsun, en hygg að rétt sé að berjast aftur í þeirri von að makker eigi mínór. Við gætum unnið geim á móti 1-3-6-3 og jarborði. Ég mun ekki leggja niður blindan í hjartasamningi (verð farinn fram á gang).

Sigurbjörn Haraldsson: Pass. Vona að austur sé ekki að reyna að vera sniðugur með veika tvo í hjarta. Ef austur á spáða og makker gat ekki doblað né meldað, sé ég ekki hvað ég er að elta við. Gæti reyndar unnið fimm í láglit á móti litlum spilum, en erfitt að komast að því, finnst mér.

Stefán Jónsson: Pass. Held ég tapi miklu oftar tölunni á að melda þarna, heldur en að ná geimi sem vinnst.

Valur B. Sigurðsson: 3♣. Tilraun, makker gæti átti fitt.

Þorlákur Jónsson: Pass. 2G væri sterkara, dobl úttekt og hvað á gera við 3♥. Makker á ekki mikið og misfitt virðist vera þannig að pass er sjálfsagt.

GPA: Vandí suður er óþolandi, en því miður er ástæðan ekki upphaflegt dobl - það myndi skapa önnur og ekki síður erfið vandamál að passa eða melda 2G í byrjun. En úr því sem komið er finnst mér nauðsynlegt að dobla aftur - fimm í láglit gætu verið á borðinu og 3G þurfa ekki að vera vonlaus.

(2)

NORÐUR

♠ 7

♥ Á852 A/NS

♦ G1053

♣ 9862

VESTUR

♠ D2

♥ KG1063

♦ D97

♣ K104

AUSTUR

♠ KG6543

♥ D97

♦ 82

♣ G7

SUÐUR

♠ Á1098

♥ 4

♦ ÁK64

♣ ÁD53

Vestur	Norður	Austur	Suður
Castanheira	Shih	Pessoa	Huang
-	-	2 ♦	Dobl
2 ♠	Pass	Pass	2 G
Pass	3 ♠	Pass	3 G
Allir pass			

Sagnir eru úr leik Portúgal og Tapei í 2. umferð raðkeppninnar. Huang í suður gat ekki fellt sig við þróunina og spann upp 2G í von um að eitthvað gott gerðist. En það fór á annan veg, makker hans keyrði í 3G, tvo niður, en 2♠ hefðu lekið einn niður.

STIG: Pass=10, Dobl=7, 3♣=5, 2G=2

(3) *V/Allir. Suður á:*

♠ 7 ♥ K42 ♦ K2 ♣ KDG10652

Vestur	Norður	Austur	Suður
3 ♠ *	Pass	Pass	???

* Venjuleg hindrun.

Dobl, 4♣, 5♣, 3G? Allt eru þetta mögulegar sagnir í stöðunni.

Ásmundur Pálsson: 4♣. Blátt áfram. Þetta er lýsandi sögn, svo pass á 4♥ væri gefið með góðri samvisku.

Bjarni H. Einarsson: 3G. Vinnst oft ef makker á spaðafyrirstöðu, því opnarinn á enga innkomu á litinn sinn.

Karl Sigurhjartarson: 5♣. Skást. Erfitt fyrir makker að hækka 4♣ þótt hann eigi 2 ása og rauða drottningu, sérstaklega ef laufið er stutt. Ef hann hækkar í 6♣ með 3 bera ása verður bara að glíma við það. 3G koma til greina, en gröndin fara mikið niður ef illa tekst til. 4♣ halda opnu fyrir makker að segja 4♥, sem þá er trúlega besta geimið.

Matthías Þorvaldsson: 5♣. Þetta spil snýst um ása. Vil ekki leggja á makker að lyfta í fimm með tvo ása og stutt lauf.

Ómar Olgeirsson: 3G. Ef ég dobla og makker á fyrir því að sitja vil ég frekar reyna 3G.

Ragnar Magnússon: 4♣. Þrjú grönd freistandi, en brjálaðislegt.

Sigurbjörn Haraldsson: 4♣. List ekki á 3G - vil ekki þurfa að útskýra þá ákvörðun fyrir sveitarfélögunum þegar 3G fara þrjú niður og 6♣ standa.

Stefán Jónsson: 3G. Regla Hammans: melda 3G ef það er einn af möguleikum. Tíu fjórða gæti verið nóg til að stífla spaðann.

Valur B. Sigurðsson: 4♣. Ef ég stekk í 5♣ hækkar makker með tvo ása.

Þorlákur Jónsson: 4♣. Freistandi að melda 3G, en full mikil ævintýramenska.

GPA: Enginn er snokinn fyrir dobla, enda glannaleg sögn, en rökinn fyrir hinum þremur kostunum eru sannfærandi. 4♣ er þó sveigjanlegasta sögnin, því hún gefur makker svigrúm til að segja 4♥ og jafnvel 4G eðlilega.

(3) NORÐUR
 ♠ 10952
 ♥ Á103 V/Allir
 ♦ ÁG3
 ♣ 874

VESTUR AUSTUR
 ♠ ÁKD843 ♠ G6
 ♥ 986 ♥ DG75
 ♦ 1085 ♦ D9764
 ♣ 9 ♣ Á3

SUÐUR
 ♠ 7
 ♥ K42
 ♦ K2
 ♣ KDG10652

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sadek	Kholomeev	El Ahmady	Zlotov
3 ♠	Pass	Pass	Dobl
Allir pass			

Leikur Egypta og Rússa í raðkeppninni. Rússinn Zlotov valdi að dobla og norður passaði vongóður. Útspilið var tromp og sagnhafi gaf aðeins fjóra rauða slagi: 530 í AV. Fimm lauf er ágætur samningur í NS, en tapast þó í reynd með bestu vörn. En 3G gætu unnist í suður með háspaða út.

STIG: 4♣=10, 3G=7, 5♣=6, Dobl=3, Pass=1

(4) N/NS. Suður á:

♠ G732 ♥ - ♦ Á94 ♣ ÁK7543

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	2 ♦ *	3 ♦	???

* Multi, eina ferðina enn.

Þetta spil þekktu margir, enda útkoman fræg að endemum:

Anton Haraldsson: Pass. Í temópi. Sögnum er kannski ekki lokið (2210 á hinu borðinu).

Ásmundur Pálsson: Pass. Hvað annað?

Bjarni H. Einarsson: Pass. Æ, þetta spil. Ég passa að sjálfsögðu, þótt ég viti að alslemma standi í NS.

Hrólfur Hjaltason: Pass. 95.378% líkur á að makker sé með hjarta. Hlæra og leita að alslemmu í spaða ef andstaðan fer að melda hjarta.

Karl Sigurhjartarson: Pass. Dobl væri sekt og varla nein veisla þótt makker sé með hjarta (langlíklegast). Ef hann á spaða gæti staðið slemma hjá okkur, en þá á næsti maður eftir að segja með að minnsta kosti sexlit í hjarta.

Ragnar Magnússon: Pass. Þarna koma gallar multi vel í ljós - ef makker á hjarta vill maður ekkert spila, annars minnst geim.

Valur B. Sigurðsson: Pass. Makker á hjarta (13 hjörtu úti), en ef ekki þá kemur það í ljós.

Þorlákur Jónsson: Pass. Gefum okkur á þessu stigi að makker eigi hjarta - hefðum við ekki passað ef makker hefði opnað á veikum 2♥? Vona að makker finni lauf út gegn 3G, en við getum því miður ekkert hjálpað honum.

GPA: Er algerlega út í hött að segja 3♥ leitandi? Í versta falli spilum við 3♥ á 6-0 (eða þá 4♣), en kannski fara AV hærra og svo er alltaf mögulegt að makker eigi spaðann, þrátt fyrir allt. Játa þó að ég hefði passað við borðið, eins og öll hjörðin:

(4) NORÐUR
 ♠ ÁK10984
 ♥ D103 N/NS
 ♦ 87
 ♣ 92

VESTUR AUSTUR
 ♠ D5 ♠ 6
 ♥ G98654 ♥ ÁK72
 ♦ G5 ♦ KD10632
 ♣ D108 ♣ G6

SUÐUR
 ♠ G732
 ♥ -
 ♦ Á94
 ♣ ÁK7543

Á 10 borðum (af 66) gengu sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	2 ♦	3 ♦	Pass
Pass	Pass		

Einn niður, en AV voru sáttir, enda standa 7♠ í NS.

STIG: Pass=10, 3♥=5, 4♣=3, Dobl=2

(5) S/AV. Suður á:

♠ Á109863 ♥ 2 ♦ ÁK6 ♣ Á75

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♠
2 ♥	Dobl *	4 ♥	Dobl
Pass	4 G **	Dobl	Pass
Pass	5 ♦	Pass	???

* Neikvætt. ** Úttekt í láglitina.

Er þetta slemma eða ekki?

Anton Haraldsson: 6♦. Makker á minnst 6-5 í láglitunum og slemman stendur ef hann á fyrir doblinu á 2♥.

Bjarni H. Einarsson: Pass. Dobl austurs á 4G bendir til að hann hafi ekkert verið að grínast með 4♥ sögninni.

Hrólfur Hjaltason: Pass. Hlífi makker.

Karl Sigurhjartarson: Pass. Makker virðist vera með 6-5 í láglitum, en dobl austurs á 4G hljómar eins og hann eigi eitthvað í laufi. Ef austur er í póker, fáum við kannski dobl frá vestri.

Ragnar Magnússon: Pass. Langar til að lyfta, en líklega er tapari á hjarta og síðan þurfa spilin að vera teiknuð.

Stefán Jónsson: 6♦. Engin óhófleg hjartsýni að vonast eftir litlu hjónunum sjöttu í tígli og hjónunum fimmtu í laufi.

Þorlákur Jónsson: 6♦. Makker lofaði einhverju með doblinu á 2♥ og hann þarf ekki mikið til að slemma standi.

GPA: Ágiskun, en rétt hjá Ragga: Það þarf að teikna upp réttu spilin hjá makker í slemmuna, og svo hljóta AV að eiga einhver spil og/eða skiptingu fyrir öllum látunum.

(5) NORÐUR
 ♠ 2
 ♥ 7 S/AV
 ♦ DG10852
 ♣ K10932

VESTUR AUSTUR
 ♠ G5 ♠ KD74
 ♥ ÁDG1098 ♥ K6543
 ♦ 973 ♦ 4
 ♣ G4 ♣ D86

SUÐUR
 ♠ Á109863
 ♥ 2
 ♦ ÁK6
 ♣ Á75

Ítalía/Svíþjóð í raðkeppninni:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Fredin	Versace	Lindkvist	Lauria
-	-	-	1 ♠
2 ♥	Dobl	4 ♥	Dobl
Pass	4 G	Dobl	Pass
Pass	5 ♦	Allir pass	

Lauria giskaði rétt (eins og venjulega), en á hinu borðinu fóru Bertheau og Nyström í 6♦, einn niður.

STIG: Pass=10, 6♦=7

(6) S/AV. Suður á:

♠ D9875 ♥ G ♦ KG96 ♣ 932

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	Pass
Pass	1 ♣ *	Dobl	1 ♠
Pass	1 G **	2 ♥	???

* Standard. ** 12-14 HP.

Berjast eða verjast?

Anton Haraldsson: 2♠. Millispilin í spaða töldu í mig kjark.

Ásmundur Pálsson: Pass. Nema hvað?

Karl Sigurhjártarson: Pass. Dobl er úttekt, en sýnir meiri styrk.

Magnús Magnússon: 2♠. Of hart að dubla, en verð að berjast.

Matthías Þorvaldsson: 2♠. Eins og ég hefði sagt ef millihönd hefði passað. Miðað við að opnað sé á tígli með 44 í láglitum hefur dobl aðeins vinninginn umfram 2♠ ef makker á 2335 eða 2425. En áður en menn dubla á slíkar eldsþýtur þarf að ræða í þarinu að sá sem passar niður svona dobl beri alla ábyrgð á því.

Sigurbjörn Haraldsson: Dobl. Til úttekta, vona ég.

Valur B. Sigurðsson: 2♠. Þrengja að þeim.

GPA: Í vafa ber að berjast. Hugsanlega fara báðir bútar á öðru þrepi niður, en tapið er lítið og ágóðinn af ýtninni skilar sér þá í næsta spili.

(6)	NORÐUR		
	♠ G4		
	♥ D752	S/AV	
	♦ Á102		
	♣ KDG6		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 62		♠ ÁK103	
♥ 943		♥ ÁK1086	
♦ D85		♦ 743	
♣ 108754		♣ Á	
	SUÐUR		
	♠ D9875		
	♥ G		
	♦ KG96		
	♣ 932		

Átta-liða úrslit, Bandaríkin/Brasíla:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Meckstroth	Villas-Boas	Rodwell	Chagas
-	-	-	Pass
Pass	1 ♣	Dobl	1 ♠
Pass	1 G	2 ♥	2 ♠
3 ♥	Pass	4 ♥	Allir pass

Gabriel Chagas barðist í 2♠ og uppskar 200 fyrir tvo niður í 4♥. Auðvitað þurftu AV ekki að keyra í geim, en á hitt ber að líta að 2♠ vinnast, svo Chagas hafði þegar unnið sagnsigur með baráttunni. Á hinu borðinu passaði Nickell í suður eftir sömu byrjun og austur fékk að spila 2♥, sem stóðu slétt.

STIG: 2♠=10, Pass=7, Dobl=4, 3♣=1

(7) N/Allir. Suður á:

♠ G9842 ♥ ÁDG ♦ ÁKG3 ♣ 7

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	1 ♣ *	???

* Standard.

Dobl eða 1♠?

Anton Haraldsson: Dobl. Og melda svo spaða næst sem yfirsterkur. Eða dubla aftur 3♣. Of mikil hætta á að verða skilinn eftir í 1♠ þegar geim/slemma stendur í rauðum lit. Þegar ég kem inn á 1♠ vona ég að makker eigi fitt og geti tekið undir litinn. Hér kæmi sér betur að makker væri stuttur í spaða.

Ásmundur Pálsson: 1♠. Okkar helsta von um háan samning byggist á samlegu í spaða.

Ragnar Magnússon: 1♠. Eilífðarverkefni að meta hvort betra sé að dubla eða segja litinn. Kosturinn við ströglið er að koma fimmlitnum að, sérstaklega ef makker á góðan þrlit á móti. Gallinn - lélegur litur og möguleiki á fitti í öðrum lit.

Sigurbjörn Haraldsson: 1♠. Ég tel betra að koma fimmlitnum strax að og dubla svo seinna ef þörf krefur. Ef við doblum og næsti maður segir 3♣ lendir makker í vanda þegar við doblum aftur, til dæmis með 4252 eða 44 í hálitum. Níu-spila fitt í spaða gæti hæglega týnst.

GPA: Líklegasta svar makkers við dobl er eitt grand. Og hvað á þá að gera? Melda 2♠ á gosann fimmta? Fáir hafa hugrekki til þess og því gæti leiðin hæglega legið í 3G þrátt fyrir 5-3 samlegu í spaða. Þegar skiptingin er jöfn getur verið í lagi að spila 3G með fitt í hálit, en sjaldan með einspil.

(7)	NORÐUR		
	♠ D103		
	♥ K94	N/Allir	
	♦ D1097		
	♣ G32		
VESTUR		AUSTUR	
♠ K76		♠ Á5	
♥ 10532		♥ 876	
♦ 862		♦ 54	
♣ K85		♣ ÁD10964	
	SUÐUR		
	♠ G9842		
	♥ ÁDG		
	♦ ÁKG3		
	♣ 7		

Öldungadeildin, 8-liða úrslit.

Bandaríkin II og Holland:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Ramer	Zia	Klaver	Mohan
-	Pass	1 ♣	Dobl
Pass	1 G	Pass	2 G
Pass	3 G	Pass	Pass
Dobl	Allir pass		

Lauf út og 1100 niður. Og 620 í viðbót til Hollands af hinu borðinu fyrir 4♠.

STIG: 1♠=10, Dobl=6

(8) V/Enginn. Suður á:

♠ ÁD ♥ Á9 ♦ KG54 ♣ DG642

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	Pass	???

Þegar sagnir eru að deyja út í fjórðu hendi er 1G=11-14(15) og 2G=18-20 með litlum áhuga á hálit. Þetta er mitt á milli ...

Anton Haraldsson: Dobl. Ekki hætta á að missa makker upp í spaða - hann kom ekki inná.

Karl Sigurhjártarson: Dobl. Og svo ódýrasta grandsögn, sem lofar 15-17.

Matthías Þorvaldsson: Dobl. Meðhöndla þetta sem jafnskipta 15-17, dobl fyrst, svo grand á eftir. Ekki nóg í 2G=18-20 jafnskipt.

Ragnar Magnússon: 2G: Koma gróndum í rétta hönd, til dæmis ef makker á gosann þriðja.

Sigurbjörn Haraldsson: 2♣. Fyrsta hugsun var að dubla og melda svo grand, en ef geim stendur missi ég það trúlega ekki með 2♣, en gæti komist í láglitageim ef það er betra.

Þorlákur Jónsson: Dobl. Of sterk hönd fyrir 1G eða 2♣. Melda 2♣ við 1♠ hjá makker.

GPA: eru punktabilin eina málið hér? Myndu menn segja 2G ef laufdrottningin væri kóngur og punkarnir þar með 18 en ekki 17? Hvað með fyrirstöðuna í hjarta - er ásinn annar nógu gott stopp?

(8)	NORÐUR		
	♠ K8754		
	♥ 102	V/Enginn	
	♦ 876		
	♣ K93		
VESTUR		AUSTUR	
♠ 1092		♠ G63	
♥ KDG765		♥ 843	
♦ Á		♦ D10932	
♣ Á108		♣ 75	
	SUÐUR		
	♠ ÁD		
	♥ Á9		
	♦ KG54		
	♣ DG642		

Frakkland og Bandaríkin í kvennaflokki:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Naras.	Willard	Levitina	Cronier
1 ♥	Pass	Pass	2 G
Pass	3 ♥ *	Pass	3 ♠
Pass	3 G	Allir pass	

Cronier teygði sig í 2G og þar með var niðurstaðan innsigliuð. Willard yfirfærði í spaðann og sagði svo 3G - þrír niður, en 4♠ unnust á hinu borðinu. Fjórir spaðar er afleitt geim og besta niðurstaða NS er bútur í laufi.

STIG: Dobl=10, 2♣=7, 2G=5, 1G=3

(9) N/AV. Suður á:

♠ 73 ♥ K ♦ ÁKDG65 ♣ DG65

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	Pass	2 ♦ *
Pass	2 G *	Pass	???

* Geimkrafa.

Er alltaf rétt að melda á spilin sín?

Ásmundur Pálsson: 3♦. Tvö grönd makkers er sveigjanleg sögn og því sjálfsgagt að láta vita af miklum tígli. Ekkert liggur á.

Karl Sigurhjártarson: 3♣. Síðasti séns að finna lauffitt. Ef makker á ♠Á og ♣ÁKxx og lítið meir, stendur trúlega slemma í laufi en ekki tígli. Þrjú lauf gefur makker einnig kost á að samþykkja tígul ódýrt með þrjú hunda. Segi 4♦ við 3G.

Magnús Magnússon: 3♦. Of endanlegt að hækka í 3G, en passa ef makker meldar 3G við 3♦.

Matthías Þorvaldsson: 3♣. Hvert er vanda-máiið? Er ekki rétt að melda á spilin sín?

(9) NORÐUR
 ♠ DG962
 ♥ D42 N/AV
 ♦ 4
 ♣ ÁK93

VESTUR
 ♠ K854
 ♥ G975
 ♦ 1097
 ♣ 84

AUSTUR
 ♠ Á10
 ♥ Á10863
 ♦ 832
 ♣ 1072

SUÐUR
 ♠ 73
 ♥ K
 ♦ ÁKDG65
 ♣ DG65

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Greco	Soloway	Hampson
-	1 ♠	Pass	2 ♦
Pass	2 G	Pass	3 ♣
Pass	4 ♣	Pass	4 ♥
Pass	5 ♣	Allir pass	

Bandarísku sveitirnar í undanúrslitum: Fimm lauf fóru auðvitað einn niður, en á hinu borðinu sagði Rodwell 3G í sömu stöðu við 2G - 10 slagir.

GPA: Réttu 11 punktarnir gætu dugað í slemmu:

♠ Áxxxx ♥ Áxx ♦ 10x ♣ K10x

En mun makker uppveðrast við 3♣ eða 3♦ með þessi spil? Tæplega. Meinsemdin er 2G-endursögn opnara, sem ekkert segir af viti. Sannleikurinn er sá að tveir-yfir-einum er óþægileg byrjun í Standard - því miður.

STIG: 3♣=10, 3♦=9, 3G=8

(10) V/Enginn. Suður á:

♠ ÁKDG52 ♥ 9 ♦ - ♣ 876542

Vestur	Norður	Austur	Suður
1 ♥	Pass	1 ♠	???

Á að eltast við laufið, eða ganga hreint til verks í spaðanum? Og hvað á að þá að segja marga spaða? Er pass kannski rauhæfur möguleiki?

Anton Haraldsson: 2♥. Og 3♠ næst, bæði við 2G (jákvætt leitandi) og 3♣ (neikvætt leitandi). Vil halda laufflitnum inni í myndinni. Ég ætla rétt að vona að makker skilji þessa sögn, en hvað annað getur þetta verið en 5⁺5⁺ í spaða og láglit?

Ásmundur Pálsson: 2♠. Get ekki séð að það þýði annað en spaði.

Bjarni H. Einarsson: 4♠. Gæti staðið, en auk þess lendir andstaðan í vandræðum með mikla skiptingunni.

Matthías Þorvaldsson: 2♠. Missi geimið eins og Sabina.

Ragnar Magnússon: 4♠. Praktískt. Tvö lauf virka vel ef makker á gott lauf (annars villandi), en þá standa hugsanlega líka 4♠.

Sigurbjörn Haraldsson: 4♠. Gæti verið mjög rangt, en gæti líka auðveldlega staðið. Kannski á vestur massífan hliðarlit í tígli og 4♠ gera honum erfitt um vik að tjá sig.

Stefán Jónsson: 4♠. Hinn möguleikinn er dobl, en list betur á pressusögnina.

Valur B. Sigurðsson: 3♣. Þarf lauffitt til að geimið standi.

Þorlákur Jónsson: 2♠. Hef austur sterklega grunaðan um græsku. Laufið getur beðið.

(10) NORÐUR

♠ 3
 ♥ ÁD763 V/Enginn
 ♦ 108743
 ♣ Á3

VESTUR
 ♠ 109
 ♥ KG1082
 ♦ DG9
 ♣ KD10

AUSTUR
 ♠ 8764
 ♥ 54
 ♦ ÁK652
 ♣ G9

SUÐUR
 ♠ ÁKDG52
 ♥ 9
 ♦ -
 ♣ 876542

Alan Sontag stökk í 4♠ í úrslitaleik Bandaríkjanna og Indónesíu í öldunga-deildinni:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lasut	Weischel	Manoppo	Sontag
1 ♥	Pass	1 ♠	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

Ellefu slagir og 450 í NS.

Á hinu borðinu valdi Sacul í suður að tefla laufinu fram fyrst og sagnir dóu í 4♣ og fimm unnum: 150 í NS:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bates	Sawiruddin	Stansby	Sacul
1 ♥	Pass	1 ♠	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	2 ♠
Pass	2 G	Pass	3 ♠
Pass	4 ♣	Allir pass	

Þeir sem sögðu 2♠ spiluðu þann samning (Sabine Auken var í þeim hópi), en engum datt í hug að sýna báða litina í einni sögn, eins og Anton stingur upp á.

GPA: Bæði 2♠ og 4♠ eru hreinlegar sagnir, en ekki galllausar. Makker er ekki líklegur til að halda áfram við 2♠, og 4♠ ef mjög afgerandi ákvörðun og síður en svo hættulaus. Hvað á að til dæmis að gera við dobl? Flyja í 5♣? Sjálfur hefði ég sagt 2♣ við borðið, en eftir á að hyggja þykir mér hugmynd Antons langbest. Því ekki að lýsa spilunum neðarlega og halda öllu opnu?

STIG: 4♠=10, 2♥=9, 2♠=8, 2♣=7, 3♣=6, Dobl=5, Pass=4, 3♠=3

Keppendur / Spil nr.	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Stig	
Anton Haraldsson	Pass	Pass	4♣	Pass	6♦	2♠	Dobl	Dobl	3♦	2♥	86	
Ásmundur Pálsson	3♠	Pass	4♣	Pass	Pass	Pass	1♠	Dobl	3♦	2♠	94	
Bjarni H. Einarsson	Pass	Pass	3G	Pass	Pass	2♠	1♠	Dobl	2G	4♠	92	
Hrólfur Hjaltason	3♠	Pass	4♣	Pass	Pass	Pass	1♠	Dobl	3♦	2♠	94	
Karl Sigurhjártarson	Pass	Dobl	5♣	Pass	Pass	Pass	1♠	Dobl	3♣	2♠	85	
Magnús E. Magnússon	3♠	Pass	3G	Pass	Pass	2♠	1♠	Dobl	3♦	4♠	96	
Matthías Þorvaldsson	Pass	Dobl	5♣	Pass	6♦	2♠	1♠	Dobl	3♣	2♠	83	
Ómar Olgeirsson	3♠	Dobl	3G	Pass	Pass	Pass	Dobl	Dobl	3♣	4♠	87	
Ragnar Magnússon	3♠	Pass	4♣	Pass	Pass	Pass	1♠	2G	3♣	4♠	92	
Sigurbjörn Haraldsson	3♠	Pass	4♣	Pass	Pass	Pass	Dobl	1♠	2♣	3♣	4♠	91
Stefán Jónsson	3♠	Pass	3G	Pass	6♦	2♠	Dobl	Dobl	3♦	4♠	89	
Valur B. Sigurðsson	2G	3♣	4♣	Pass	Pass	2♠	1♠	Dobl	3♣	3♣	88	
Þorlákur Jónsson	3♠	Pass	4♣	Pass	6♦	2♠	1♠	Dobl	3♣	2♠	95	

SAGNKEPPNI

Meistarar í sinni iðn, rafvirkinn **Friðjón Þórhallsson** og múrarinn **Sigfús Örn Árnason** í sveit Garða & véla, keppa hér við pókerþelaran **Magnús Magnússon** og Gallup-fræðinginn **Matthías Þorvaldsson**. Gamaldags Precision á móti sænskum "steypu-Standard", eins og Matthías kallar eigið kerfi, sem er vissulega undir sterkum sænskum áhrifum: Vínarlauf og breytilegt grand eftir stöðum og hættum. Precision-kerfi Friðjóns og Sigfúsar er hefðbundið og frítt af fjöldjöflum - þeir opna á tveimur laufum til að sýna lauf og tveir tíglar er þrjú hönd með stuttum tígli.

SPIL 1

VESTUR	AUSTUR
♠ ÁD82	♠ K5
♥ Á	♥ 108643
♦ Á7	♦ 98
♣ KG10843	♣ Á762

Friðjón	Sigfús
1 ♣ = 16+	1 ♦ = afmelding
2 ♣	2 ♦ = biðsögn
2 ♠	3 ♣ = krafa
3 ♦	3 ♠
4 ♣	5 ♣ /

Magnús	Matthías
1 ♣	1 ♥
2 ♠ = vending	3 ♣ = jákvætt
3 ♦	3 ♠
4 ♣	6 ♣ /

Hér væri sjö lauf falleg niðurstaða.

Friðjón og Sigfús byrja ágætlega - Friðjón sýnir skiptinguna og Sigfús tekur undir laufið á þriðja þrepi. Sigfús sýnir svo styrk í spáða með þremur spöðum, en finnur enga sögn við fjórum laufum. Eftir á að hyggja hefði verið óhætt að skjóta á sex lauf, eða melda fjögur grönd til að sýna gott tromp og slemmuáhuga (þeir nota ekki áspurningar þegar fyrirstöðusagnir eru byrjaðar).

Standard-mennirnir eru nánast í sömu sporum þegar sagnir eru komnar í fjögur lauf, en Matthías velur þá að stökkva í hálslemmu.

7♣=10, 6♣=6, 5G=3, 5♠=2

Friðjón og Sigfús: 2 stig
Magnús og Matthías: 6 stig.

SPIL 2

Vestur	Austur
♠ ÁK9	♠ DG54
♥ 5	♥ D64
♦ D1063	♦ ÁK9
♣ KD1054	♣ G87

Friðjón	Sigfús
-	1 ♦
3 ♠ = 3-1 í hálitum	4 ♦
4 ♥	4 ♠
5 ♣	5 ♦
6 ♦ /	

Magnús	Matthías
-	1 ♣
1 ♦	1 G = 11-13
2 ♣ = biðsögn	2 ♦ = skyldusögn
2 ♠ = 3-1 í hálitum	4 ♠ /

Sama hugmynd liggur að baki sögnum beggja para - að sýna 3-1 í hálitunum og 5-4 í láglitunum.

Friðjón og Sigfús hafa lengi spilað saman, en ekki oft fengið tækifæri til að taka undir tígulinn í von um fimmlit á móti, en afleiðingin varð sú að Friðjón fór í vonlausu slemmu. Matthías valdi að stökkva í fjóra spáða í svipari stöðu, vitandi af 4-3 fitti.

5♣=10, 4♠=6, 5♦=4, 3G=4, 4♣=3,
3♠=3, 4♦=2, 2G=2

Friðjón og Sigfús: 2 stig.
Magnús og Matthías: 12 stig.

SPIL 3

Vestur	Austur
♠ ÁD7	♠ K98643
♥ G1053	♥ 6
♦ Á4	♦ KD75
♣ K842	♣ Á6

Friðjón	Sigfús
1 G = 14-16	2 ♥ = yfirfærsla
2 ♠	3 ♦
4 ♠	5 ♣ = fyrirstaða
5 ♦ = fyrirstaða	5 ♥ = fyrirstaða
6 ♠ /	

Magnús	Matthías
1 ♣	1 ♠
1 G = 13-16	2 ♦ = GK
2 ♥	2 ♠
3 ♠	4 ♣ = fyrirstaða
4 ♦ = fyrirstaða	4 G = RKC
5 ♠ = 2 ásar og TD	6 ♠ /

Besta niðurstaða hjá báðum þörum. Sigfús yfirfærir við grandinu, meldar tígulinn og heldur svo áfram við fjórum spöðum. Matthías notar tvíhlepuna til að krefja í geim (tveir tíglar), fær stuðning við spáðann og leggur síðan á brattann þegar Magnús sýnir tígulásinn. Hér er meldað með líkum, frekar en af vissu, því hvorugt parið nær að staðsetja einspilið í hjarta á móti hundunum (slemman er vond ef vestur á hjartakóng í staðinn fyrir laufkóng).

6♠=10, 5♠=5, 4G=4, 3♠=1

Friðjón og Sigfús: 12 stig
Magnús og Matthías: 22 stig.

SPIL 4

Vestur	Austur
♠ ÁK52	♠ D763
♥ ÁKG	♥ 9
♦ K4	♦ ÁG
♣ 10832	♣ ÁKG954

Friðjón	Sigfús
-	2 ♣
2 ♦ = spurning	2 ♠
3 ♥ = GK	4 ♣
4 ♦ = fyrirstaða	4 ♥ = fyrirstaða
4 G = spáðafyrirst.	5 ♦ = fyrirstaða
6 ♣ /	

Magnús	Matthías
-	1 ♣
1 ♠	4 ♣ = 4-x-x-6
4 G = RKC	5 ♠ = 2+TD
7 G /	

Vandinn í þessu spili er tvíþættur: að komast í alslemmu, en forðast spáðann. Matthías leysir málið með stökkinu í fjögur lauf, sem sýnir sterk spil og 6-4 í svörtu litunum. Strangt tekið á hann full lítið fyrir fjórum laufum, svo það er einfalt fyrir Magnús keyra í sjö grönd.

Friðjón spyr fyrst með tveimur tíglum og krefur í geim með þremur hjörtum í næsta hring. Hann fær upp 6-4 í laufi og spáða, en getur ekki treyst því að makker eigi öll lykilsþilin, enda opnunin á tveimur laufum takmörkuð við 11-15 punkta. Sem vekur þá spurningu hvort ekki sé rétt að vekja frekar á sterku laufi.

7G=10, 7♣=9, 7♠=7, 6G=5, 6♠=4, 6♣=4

Friðjón og Sigfús: 16 stig
Magnús og Matthías: 32 stig.

SPIL 5

V/NS

Vestur	Austur
♠ -	♠ DG3
♥ K864	♥ Á752
♦ Á64	♦ KDG103
♣ ÁKG753	♣ D

Friðjón	Sigfús
2 ♣	2 ♦ = spurning
2 ♥	4 ♥
4 ♠ = fyrirstaða	5 ♣ = fyrirstaða
5 ♦ = fyrirstaða	6 ♥ /

Magnús	Matthías
1 ♣	1 ♦
1 ♥ = ójöfn sk.	1 ♠ = GK
2 ♦ = 1(0)-4-3-5(6)	2 ♥
3 ♣	3 ♦
4 ♠ = eyða	4 G = RKC
5 ♣ = 3 lykilsþil	7 ♦ /

Rétt eins og í síðasta spili hefði komið betur út að opna á sterku laufi frekar en tveimur með þessi slagaríku spil vesturs. Sænska Standard-steypan hristist hins vegar vel saman - Magnús teiknar upp skiptinguna og eyðuna í spaða, svo Matthías er í góðri stöðu til að veðja á alslemmu í besta litnum.

7♦=10, 7♣=9, 6♦=7, 6♣=7, 6♥=6, geim=3

Friðjón og Sigfús: 22 stig
Magnús og Matthías: 42 stig.

SPIL 6

A/NS

Vestur	Austur
♠ ÁD6	♠ -
♥ 10632	♥ KD9854
♦ 642	♦ ÁD1095
♣ 742	♣ ÁK

Friðjón	Sigfús
-	1 ♣ = 16+
1 ♦ = 0-8	1 ♥ = tvírett
1 ♠ = biðsögn	3 ♦ = hjarta+tígull
3 ♥	3 ♠ = fyrirstaða
4 ♠ = fyrirstaða	5 ♥ /

Magnús	Matthías
-	1 ♥
2 ♥	3 ♠ = splinter
4 ♥ /	

Spaðastyrkurinn fellur illa saman og vandi sagna er að finna út úr því.

4♥=10, 3G/V=9, 4G/V=8, 5♥=7, 5♦=5, 3G/A=4, 6♥=3, bútur=1

Friðjón og Sigfús: 29 stig
Magnús og Matthías: 52 stig.

SPIL 7

V/Enginn

Vestur	Austur
♠ 8	♠ Á6
♥ D3	♥ Á4
♦ ÁKG64	♦ D974
♣ ÁK842	♣ 97653

Friðjón	Sigfús
1 ♣ = 16+	1 G = 9-14, jöfn sk.
2 ♣ = spurning	2 ♦ = neitar hálit
2 ♥ = sp.	3 ♣ = 5 lauf
3 ♦ = sp.	3 ♠ = 3235 - hvít lygi
4 ♣ = sp.	4 ♠ = 4 kontról
6 ♣ /	

Magnús	Matthías
1 ♦	2 ♦ = krafa
3 ♠ = splinter	4 ♥ = fyrirstaða
4 G = RKC	5 ♠ = 2 + TD
5 G = aukastyrkur?	6 ♦ /

Sigfús má ekki svara á tveimur laufum með fimm hunda og neyðist því til að skrökva um skiptinguna. En það breytir þó litlu um framvinduna og Friðjón hefði átt að leita eftir tíguldrotningu. Samlegan í laufi kemur aldrei í ljós hjá Magnúsi og Matthíasi.

7♣=10, 6♣=7, 6♦=6, 6G=5, 5♣=3, 5♦=3, 3G=3, 5G=2, 7♦=1

Friðjón og Sigfús: 36 stig
Magnús og Matthías: 58 stig.

SPIL 8

A/AV

Vestur	Austur
♠ D10962	♠ KG
♥ G43	♥ ÁK96
♦ 85	♦ Á3
♣ KD9	♣ ÁG762

Friðjón	Sigfús
-	1 ♣ = 16+
1 ♦ = 0-8	1 ♥ = tvírett
1 ♠ = biðsögn	1 G = 19-20, jöfn sk.
2 ♣ = Stayman	2 ♥ = 4-litur
2 ♠ = sp.	3 ♣ = litur
3 ♦ = sp.	3 ♥ = 2434
4 ♦ = "end-signal"	4 ♥ = skyldusögn
4 ♠ /	

Magnús	Matthías
-	2 ♣ = sterkt
2 ♦ = biðsögn	2 G = 20-21, jöfn sk.
3 ♥ = yfirfærsla	3 G /

Eini möguleiki Matthíasar var að taka undir spaðann á tvíspilið sterka.

4♠=10, 5♣=7, 4♥=4, 3G=2, bútur=2

Friðjón og Sigfús: 46 stig
Magnús og Matthías: 60 stig.

SPIL 9

V/NS

Vestur	Austur
♠ G76	♠ 843
♥ 8	♥ ÁD43
♦ ÁKG76	♦ D85
♣ ÁD54	♣ K76

Friðjón	Sigfús
1 ♦	1 ♥
2 ♦	3 ♦
4 ♣	4 ♦
5 ♦ /	

Magnús	Matthías
1 ♦	1 ♥
2 ♣	2 ♠ = GK
3 ♠	3 G /

Friðjón má ekki segja tvö lauf í öðrum hring, því það myndi bara segja frá laufli. Hann freistast því til að fara framhjá þremur gröndum þegar makker gefur áskorun. En Magnús sýnir hins vegar níu spil í tigli og laufi og Matthías krefur í geim með fjórða litnum. Þegar Magnús "styður" spaðann út á lengdina list Matthíasi vel á þrjú grönd.

3G=10, 2G=6, 3♦=6, 3♣=4, 4♦=4, 5♦=1

Friðjón og Sigfús: 47 stig
Magnús og Matthías: 70 stig.

SPIL 10

A/Enginn

Vestur	Austur
♠ ÁD53	♠ 7
♥ DG	♥ ÁK65
♦ K8763	♦ ÁG1054
♣ G5	♣ Á76

Friðjón	Sigfús
-	1 ♣ = 16+
2 ♦ = 9+, tígull	3 ♠ = splinter
3 G = spaðastyrkur	4 ♣ = fyrirstaða
4 ♦	4 ♥ = fyrirstaða
4 ♠ = fyrirstaða	5 ♦ /

Magnús	Matthías
-	1 ♦
2 ♦ = krafa	3 ♠ = splinter
4 ♠ = fyrirstaða	4 G = RKC
5 ♠ = 2 án TD	5 G = áskorun
7 ♦ /	

Magnús mat DG í hjarta sem mikilvægan styrk þar eð hann hafði neitað á eða kóng í litnum með fjórum spöðum. Sigfús og Friðjón eru hins vegar báðir full mjúkir.

7♦=10, 6♦=7, 6G=5, geim=3

Friðjón og Sigfús: 49 stig
Magnús og Matthías: 80 stig.

DEILDAKEPPNIN 2005

Deildakeppni BSÍ var haldin í Annað sinn í upphafi vetrar og tókst með ágætum - mótið er vinsælt og er greinilega komið til að vera. Eins og áður var spilað í þremur deildum - 8 sveitir í deild - og nú var raðað eftir árangri í síðasta móti. Spilaðar voru tvær umferðir af 14 spila leikum og stóð spilamennska yfir í tvær helgar, samtals 196 spil. Ferðaskrifstofa Vesturlands vann fyrstu deildina og vann sér inn 400 þúsund króna ferðastyrk á mót erlendis. Garðar & vélar unnu aðra deildina örugglega og sveit Úlfsins þá þriðju.

Fyrsta deild - úrslit

SVEITIR	STIG	MEDALTAL
Ferðaskrifstofa Vesturlands	253	18.07
Eykt	251	17.93
Grant Thornton	217	15.50
Esso-sveitin	210	15.00
Landmannahellir	210	15.00
Vinabær	202	14.43
Guðlaugur Sveinsson	179	12.79
Landsbankinn, Ísafirði	146	10.43



Frá vinstri: Guðmundur Baldursson, forseti BSÍ, sem afhenti verðlaunin, Ljósbrá Baldursdóttir, Karl Sigurhjararson, Svevar Þorbjörnsson, Matthías Þorvaldsson og Magnús Magnússon.

Önnur deild - úrslit

SVEITIR	STIG	MEDALTAL
Garðar & vélar	265	18.93
Allianz	257	18.36
Suðurnesjasveitin	239	17.07
Esja	209	14.93
Tryggingamiðstöðin	204	14.57
Örvi	177	12.64
Söluf. Garðyrkjumanna	163	11.64
Erla Sigurjónsdóttir	159	11.36



GB, Rúnar Magnússon, Kristján Blöndal, Símon Simonarson, Stígús Örn Árnason með barnabarnið í fanginu og Friðjón Þórhallsson. Á myndina vantar Jón Sigurbjörnsson.

Þriðja deild - úrslit

SVEITIR	STIG	MEDALTAL
Úlfurinn	242	17.29
Straumur	240	17.14
Marin ehf.	229	16.36
Landsbankinn	228	16.29
Denna	219	15.64
Sveinbjörn Eyjólfsson	175	12.50
Halldóra Magnúsdóttir	170	12.14
Jens Sigurbjörnsson	164	11.71



Guðmundur, Ómar Freyr Ómarsson, Eggert Bergsson, Baldur Bjartmarsson og Halldór Úlfar Halldórsson.

Þrjár sagnþrautir úr mótinu

(1) S/NS. Þú átt í suður:

♠ D1084 ♥ ÁKD94 ♦ Á4 ♣ 43

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
2 ♣	2 ♠	4 ♣	???

Hver er sögnin?

(2) N/NS. Þú átt í suður:

♠ K8 ♥ 1043 ♦ Á986 ♣ 10632

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	3 ♦	Pass
Pass	3 ♠	Pass	???

Hver er sögnin?

(3) N/Allir. Þú átt í suður:

♠ 107 ♥ 53 ♦ 2 ♣ KD1097653

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	???

Hver er sögnin?

(1)

NORÐUR

♠ ÁKG63

♥ 1062

♦ D10763

♣ -

VESTUR

♠ 9

♥ G87

♦ K852

♣ ÁDG97

AUSTUR

♠ 752

♥ 53

♦ G9

♣ K108652

SUÐUR

♠ D1084

♥ ÁKD94

♦ Á4

♣ 43

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♥
2 ♣	2 ♠	4 ♣	5 ♠
Pass	6 ♠	Pass	Pass
Pass			

Sex spaðar er nánast borðleggjandi slemma, en náðist almennt ekki vegna truflandi laufsagna AV.

Jónas P. Erlingsson fann hins vegar góða sögn í stöðunni - hann stökk í 5♠, sem er allhiða slemmuáskorun án fyrirstöðu í laufi. Hrólfr Hjaltason, makker hans, var með á nótonum og lyfti snarlega í sex.

Snöfurmennleg afgreiðsla.



Frá vinstri: Guðmundur Baldursson, Þorlákur Jónsson, Sverrir Ármannsson, Jón Baldursson, Sigurbjörn Haraldsson og Bjarni H. Einarsson. Á myndina vantar Aðalstein Jørgensen.



GB, Sveinn Rúnar Eiríksson, Jónas P. Erlingsson, Hrannar Erlingsson og Júlíus Sigurjónsson. Á myndina vantar Hrólfr Hjaltason.

(2) NORÐUR
 ♠ ÁD109762
 ♥ D95
 ♦ KD
 ♣ K

VESTUR AUSTUR
 ♠ G53 ♠ 4
 ♥ KG876 ♥ Á2
 ♦ - ♦ G1075432
 ♣ ÁDG97 ♣ 854

 SUDUR
 ♠ K8
 ♥ 1043
 ♦ Á986
 ♣ 10632

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♠	3 ♦	Pass
Pass	3 ♠	Pass	Pass
Pass			

Viðfangsefni suðurs virðist vera hvort hann eigi að passa 3♠ eða lyfta á fjóra. Greinarhöfundur var í suðursætinu og valdi að passa eftir langa íhugun - kjarkinn skorti. Sem betur fer, kannski, því vörnin tók sex fyrstu slagina: Austur kom út með tígul, sem vestur trompaði. Vestur tók ♣Á, spilaði hjarta til makkers, fékk aðra stungu, tók ♥K og gaf svo austri stungu í hjarta: tveir niður.

Eftir spilið lýsti vestur því yfir að hann hefði verið heitur fyrir að dubla 3♠ og hefði örugglega dublað fjóra. Fjórir spaðar voru reyndar spilaðir dublaðir á nokkrum borðum, 800 niður.

Hugum aftur að sagnvanda suðurs. Þegar hálitasamlega er fundin hafa menn tilhneigingu til að gleyma þremur gröndum sem möguleika - oft réttilega, en alls ekki í þessu tilfalli. Norður er líklegur til að þvælast fyrir í mjúku litunum og þá er stutt í níu slagi, jafnvel á móti lágmarkshönd eins og:

♠ ÁDGxxxx ♥ Dxx ♦ x ♣ Kx

Ekki mikið í punktum, en sennilegir níu slagir.

Í reynd á norður óvæntan tígulstyrk og blankan ♣K, en samt er það ómaksins vert að reyna þrjú grönd, því ekki er víst að vestur finni rétta útspilið.

Hjarta út og lauf til baka tryggir vörninni fimm slagi, og ennfremur dugir að leggja niður ♣Á ef vestur er virkilega á skotskónum. En í sannleika sagt er lítið lauf mjög freistandi útspil, því þá dugir að austur sé með ♣Kx.

Og ekki þarf að spyrja að leikslokum ef út kemur smátt lauf gegn 3G.



GB forseti, Ragnar Jónsson, Georg Sverrisson, Hróðmar Sigurbjörnsson, Ingvaldur Gústafsson og Bernódus Kristinnsson.



Guðmundur forseti, Kristján Örn Kristjánsson, Jóhannes Sigurðsson, Heiðar Sigurjónsson og Svavar Jensson. Á myndina vantar Gunnlaug Sævarsson, Arnór Ragnarsson, Garðar Garðarsson og Karl G. Karlsson.

(3) NORÐUR
 ♠ DG53
 ♥ ÁD82
 ♦ K1043
 ♣ Á

VESTUR AUSTUR
 ♠ ÁK964 ♠ 82
 ♥ G74 ♥ K1096
 ♦ D976 ♦ ÁG85
 ♣ G ♣ 842

 SUDUR
 ♠ 107
 ♥ 53
 ♦ 2
 ♣ KD1097653

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	3 ♣
Pass	3 G	Pass	4 ♣
Pass	Pass	Pass	

Það væri stórsigur í sögnum að enda í 3♣ og það tókst á nokkrum borðum.

En auðvitað veltur hér allt á aðferðafræðinni. Þeir sem spila *tvo-yfir-einum* sem geimkröfu geta ekki sagt tvö og svo þrjú lauf, svo stökk í 3♣ beint er kannski skást ef það er áskorun í geim.

Velji suður velur þann kostirnn, mun norður væntanlega segja 3G, en þá er skynsamlegt fyrir suður að taka út í 4♣ til að sýna óvenjuleg spil, mjög langt lauf og innkomuleysi til hliðar.

Ef norður er með á nótunum mun hann passa - og gefa út 100 út, en ekki 200, eins og víðast var raunin í 5♣.

Brandari mótsins

Það kemur ekki oft fyrir að 600 fáiast í báðar áttir í sama samningi:

 NORÐUR
 ♠ Á974
 ♥ D S/Allir
 ♦ G10764
 ♣ D95

VESTUR AUSTUR
 ♠ KG106 ♠ 32
 ♥ 87542 ♥ G1093
 ♦ ÁD ♦ 3
 ♣ 64 ♣ KG10732

 SUDUR
 ♠ D85
 ♥ ÁK6
 ♦ K9852
 ♣ Á8

Hinn almenni samningur var 3G í suður.

Sem er spennandi spil með hjarta út, en ætti að leka einn niður. Margir fengu þó níu slagi, annað hvort eftir varnar-mistök eða útspil í spaða. En hitt sást líka að spilið færi sex niður!

Hverng gat það gerst?

Á þeim borðum hafði austur dublað *Stayman*-spurningu norðurs og vestur kom því út með ♣6 - lítið úr borði og *gosi* frá austri. Frá bæjardyrum suðurs gat út útspilið verið þriðja hæsta frá ♣1076, svo það var eðlilegt að taka slaginn strax. Síðan var farið inn í borð á ♥D, tigli svínað og ... tjaldið féll.



GB, Jörundur Þórðarson, Hrafnhildur Skúladóttir, María Haraldsdóttir og Bryndís Þorsteinsdóttir.



GB, Stefán Sveinbjörnsson, Kristján Þorsteinsson, Hákon Sigmundsson og Ingvar Jóhannsson. Á myndna vantar Jóhannes Jónsson, og Magnús Magnússon.

Heimsmeistaramótið 2005 fór fram við Lissabon-ströndina í Portúgal (Estoril) dagana 22. október til 5. nóvember. Keppt var í þremur flokkum, opnum flokki (Bermúdaskálin), kvennaflokki (Feneyjabikarinn) og flokki öldunga, auk þess sem fram fór opin og fjölbjóðleg sveitakeppni síðari keppnisvikuna (Transnational Teams).

Helstu úrslit

Ítalir endurheimtu Bermúdaskálina (eftir 30 ára aðskilnað) með sigri á Bandaríkjamönnum í úrslitaleik, en þar áttust við sömu menn og í Monte Carlo 2003: Lavazza-gengið og Nickell-klíkan. Frakkar unnu Feneyjabikarinn með sigri á Þjóðverjum, og Bandaríkjamenn lögðu Indónesa í úrslitaleikum í öldungadeildinni. Pólsk/bandarísk blanda (Schneider) vann opnu fjölbjóðlegu sveitakeppnina.

Fyrirkomulag

Í lykflökkunum þremur hófu 22 þjóðir keppni og var fyrst spiluð einföld umferð af 20 spila leikjum, en 8 efstu sveitirnar héldu síðan áfram í langa útsláttarleiki. Alls tóku 134 sveitir þátt í opnu sveitakeppninni, en þar voru fyrst spilaðar 15 umferðir af örleikjum, en síðan spiluðu 8 efstu tiltölulega stutta úrsláttarleiki þar til yfir lauk.

Bermúdaskálin - sagan

Keppnin um Bermúdaskálina fór fyrst fram árið 1950 í Bermúda fyrir tilstilli manns að nafni Norman Bach (1913-1971), sem var breskur ríkisborgari, en fæddur og búsettur á Bermúda. Bach þessi keppti fyrir hönd Breta á EM 1938 og 39, og hann fékk þá snjöllu hugmynd (og hrinti í framkvæmd) að efna til keppni bestu spilara veraldar á heimaslóðum sínum. Aðeins þrjár sveitir kepptu á Bermúda 1950, Bandaríkjamenn, Bretar og úrval Evrópu, sem samanstóð af tveimur sænskum pörum og einu íslensku - þeim Einari Þorfinnsyni og Gunnari Guðmundssyni. Sú saga verður ekki sögð hér, en það er eftirtekartvert að þetta mót skyldi strax hljóta viðurkenningu sem æðsta bridsmót heims, því alheimssambandið var ekki formlega stofnað fyrr en átta árum síðar.

Stjórn Bermúda gaf keppninni silfraðan verðlaunabikar, eða réttara sagt "skál", og hefur sú skál allar götur síðan verið æðsta viðurkenning og heiður sem bridsmönnum getur hlotnast.

Heimsmeistaramótið hefur tekið breytingum í tímans rás og munar þar mestu um fjölgun keppnisþjóða. Þegar Íslendingar unnu 1991 voru þjóðirnar 16 og hafði þá fjölgað umtalsvert, en nú hefja 22 þjóðir keppni. Sem er mjög til bóta, því enginn þjóð getur unnið mót sem hún tekur ekki þátt í!

Keppnin um Bermúdaskálina hefur farið fram 37 sinnum og hafa Bandaríkjamenn unnið oftast, eða 17 sinnum (enda alltaf verið þátttakendur og í síðari tíð með tvær sveitir). Ítalir hafa 14 sigra að baki, Frakkar tvo, en síðan hafa Bretar, Brasilumenn, Íslendingar og Hollendingar unnið einn titil hver þjóð.

Feneyjabikarinn

Árið 1974 ákvað heimssambandið að halda sérstakt heimsmeistaramót kvenna og gaf ítalska bridsambandið bikar til keppinnar í Feneyjum sama ár. Síðan hefur 15 sinnum verið keppt um Feneyjabikarinn og hafa Bandaríkjamenn unnið níu sinnum, Bretar tvisvar, Þjóðverjar tvisvar og Hollendingar og Frakkar einu sinni.

Öldungadeildin

Öldungadeildin var fyrst leidd til sögunnar árið 2001 í París og hafa þrjú mót verið spiluð, sem öllum hefur lyktað með bandarískum sigri. Mótið í ár var veglegt og í takt við tímann og hina flokkana, sami fjöldi þjóða og spila. Mennt verða öldungar í brids 55 ára, sem er ekki hár aldur, og það kæmi ekki á óvart að í framtíðinni yrði öldungadeildin síst lakari en opni flokkurinn.

Transnational Teams

Sveit Peters Schneiders vann Warren Spector í 48 spila úrslitaleik (93-70). Í sigurliðinu spiluðu Bandaríkjamennir Schneider og Grant Baze, ásamt Pólverjunum Piotr Gawrys og Marcin Lesniewski. Með Spector spiluðu Bart Bramley, Björn Fallenius, Mark Feldman, Chip Martel og Roy Welland.

Sigurveggarar í Estoril 2005



Opni flokkurinn. Norberto Bocchi, Giorgio Duboin, Fulvio Fantoni, Claudio Nunes, Alfredo Versace og Lornezo Lauria. Fyrirliði Maria Teresa Lavazza, og þjálfari Massimo Ortensi.



Kvennaflokkurinn. Bénédicte Cronier, Catherine D'Ovidio, Nathalie Frey, Daniele Gaviard, Vanessa Reess, Sylvie Willard. Fyrirliði Gérard Tissot.



Öldungar. Roger Bates, Garey Hayden, Rose Meltzer, Alan Sontag, Lew Stansby, Peter Weichsel. Fyrirliði Jan Martel, þjálfari Chip Martel.



Opna fjölbjóðlega sveitakeppnin. Marcin Lesniewski, Grant Baze og Piotr Gawrys. Á myndina vantar fyrirliðann, Peter Schneider.

Bermúdaskálin

RADKEPPNIN	STIG	MEDALTAL
1	Ítalía	368 17.52
2	Bandaríkin II	348 16.57
3	Bandaríkin I	347 16.52
4	Svíþjóð	344 16.38
5	Indland	344 16.38
6	Argentína	339.5 16.16
7	Egyptaland	339 16.14
8	Brasilía	334 15.90
9	Japan	328 15.61
10	Kína	323 15.38
11	Holland	323 15.38
12	Suður Afríka	317 15.09
13	Rússland	314 14.95
14	Portúgal	312 14.85
15	Ástralía	312 14.85
16	Nýja Sjáland	305.5 14.54
17	England	305 14.52
18	Kanada	301 14.33
19	K. Tapei	273 13.00
20	Pólland	272.5 12.97
21	Guadeloupe	225 10.71
22	Jórdanía	184 8.76

8-LIDA ÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
Ítalía	Indland	272 192.3
USA II	Argentína	250 198
USA I	Brasilía	243 141
Svíþjóð	Egyptaland	268 157

UNDANÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
Ítalía	Svíþjóð	205 131
USA I	USA II	211 172

ÚRSLIT (128 SPIL)	IMP	IMP
Ítalía	USA I	268 250

Feneyjabíkarinn

RADKEPPNIN	STIG	MEDALTAL
1	Frakkland	423 20.57
2	Kína	383.2 18.25
3	Þýskaland	383 18.23
4	Bandaríkin II	374 17.80
5	Bandaríkin I	366 17.44
6	England	346 16.47
7	Holland	329.5 15.69
8	Kanada	312 14.85
9	Austurríki	310 14.76
10	Egyptaland	306 14.57
11	Ástralía	303 14.42
12	Japan	302 14.38
13	Brasilía	298 14.19
14	Nýja Sjáland	298 14.19
15	Svíþjóð	293 13.95
16	Portúgal	287 13.66
17	Argentína	269.5 12.83
18	Singapúr	269 12.80
19	Venezuela	268 12.76
20	Pakistan	266.2 12.67
21	Mórokkó	250 11.90
22	Indland	247 11.76

8-LIDA ÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
Frakkland	Kanada	229.5 72
Holland	Kína	250 219
Þýskaland	England	210 123.7
USA I	USA II	237 135

UNDANÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
Frakkland	USA I	262 150
Þýskaland	Holland	241 164

ÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
Frakkland	Þýskaland	191 136

Öldingadeildin

RADKEPPNIN	STIG	MEDALTAL
1	Bandaríkin I	394 18.76
2	Indónesía	387 18.00
3	Bandaríkin II	363 17.28
4	Danmörk	360 17.14
5	Portúgal	355 16.90
6	Frakkland	354 16.85
7	Holland	352 16.76
8	Ísrael	336 16.00
9	Pólland	333 15.85
10	Ástralía	323 15.38
11	Ítalía	322 15.33
12	Japan	312.5 14.88
13	Þýskaland	311 14.80
14	Kanada	303 14.44
15	Pakistan	289 13.76
16	Svíþjóð	286 13.61
17	Bangladesh	274 13.04
18	Egyptaland	264 12.57
19	Mórokkó	261 12.42
20	Nýja Sjáland	255 12.14
21	Brasilía	226 10.76
22	Guadeloupe	217 10.33

8-LIDA ÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
USA I	Frakkland	217 131
Indónesía	Portúgal	320 201
Holland	USA II	205 187
Danmörk	Ísrael	303 191

UNDANÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
USA I	Holland	223 117
Indónesía	Danmörk	168.5 156

ÚRSLIT (96 SPIL)	IMP	IMP
USA I	Indónesía	213 190

GAROZZO

Það þótti tíðindum sæta í bridsheiminum þegar fréttist að goðsögnin Benito Garozzo myndi spila fyrir hönd Ítala í öldungadeildinni í Estoril. Þrjátíu ár eru liðin frá því Ítalir unnu Bermúdaskálina síðast, sem var á Bermuda 1975. Garozzo spilaði í því liði og var það tíundi titill hans á þeim vettvangi, en auk þess hefur hann unnið Evrópumót fimm sinnum og þrjú Ólympíumót.

Garozzo er 78 ára gamall og makker hans í Estoril var Dano De Falco: “Góður spilari, en því miður latur að læra kerfi,” segir Garozzo, sem sjálfur er mjög áhugasamur um tæknileg kerfi. “Flókið kerfi skilar því aðeins árangri að maður kunnir það til hlítar - annars er það til illis eins.”

Garozzo þekkir bandarískan brids vel, enda hefur hann verið með annan fótinn í Bandaríkjunum síðustu þrjá áratugi þar sem hann heldur heimili með konu sinni, Leu Depont. Í viðtali í mótsblaðinu sagði Garozzo að nokkur munur væri á bridslífinu í löndum tveimur: “Bandaríkjamenn nálgast spilið á faglegru hátt, kannski vegna þess að kostarar skipa þar stóran sess: Þar depla menn ekki auga þegar makker gerir mistök og mæta alltaf á réttum tíma!” Garozzo telur þó að Ítalir séu tæknilega betri spilarar, ekki síst í sögnum. “Maður eldist óneitanlega,” segir Garozzo “missir hraða og hugarflug, sem kemur fyrst og fremst niður á vörninni. Svo er ég ekki eins umburðarlyndur gagnvart mistökum og ég var, hvort sem mér eða makker er um að kenna - sem er vont,

því æsingurinn eykur líkur á frekari mistökum. En á hinn bóginn hefur spilatækni mín batnað, enda heldur maður áfram að þroskast á því sviði endalaust, ef maður bara spilar og stúderar.



Benito Garozzo

- En hver er munurinn á bláu sveit Garozzos og þeirri sem nú hefur tekið völdin?

“Ekki mikill,” segir meistarinn, “að minnsta kosti hvað varðar getu spilaranna, sem voru góður í gamla daga og ekki síðri í dag. En samkeppnin er harðari nú en áður og því er erfiðara að ná alltaf toppárangri.

-Viðtalið var tekið í miðju móti og Garozzo var spurður um horfur Ítala í opna flokknum - munu þeir bláu loksins vinna aftur?

“Möguleikarnir eru góðir og svo bind ég vonir við að álögum hafi loks verið létt af Lauria, sem hefur þrisvar sinnum misst af titlinum á síðustu metrunum. Það ætti að breytast nú!”

PERLUR FRÁ PORTÚGAL

ER FEGURÐ afstæð eða má finna algilda eiginleika fegurðar, sem eru hafnir yfir einstaklingsbundinn smekk? Þetta hljómar eins og byrjun á heimspekilegu verki í fagurfræði og virðist því eiga illa heima í bridsriti.

En bíðum við. Fegurð er ekki ein-skorðuð við sólarlag, músík og kvenfólk - spil geta verið fögur. Sum eru reyndar svo sláandi fögur að þau heilla okkur upp úr skónum. Er þá ekki freistandi að spyrja í hverju fegurð spilanna felist?

Til að fyrirbyggja misskilning er rétt að taka það strax fram að hér verður ekki gefin tæmandi skilgreining á “hinu fagra í sjálfu sér”, enda verst hugtakið fimlega öllum tilraunum til endanlegrar skilgreiningar. En þótt hugtakið láti illa að stjórn, vefst ekki fyrir nokkrum manni að greina fegurð hlutanna og briddspilarar hafa gott auga fyrir fegurð spilanna.

Hér á eftir vera dregin fram tíu spil úr raðkeppni HM í Portúgal, sem eiga það öll sameiginlegt (að mati skrifara, a.m.k.) að vera fögur. Samhliða því að njóta spilanna, gæti verið gaman að velta fyrir sér hvaða einkenni þau hafa, sem gæða þau fegurð.

Ekki sakar að reyna.

FYRSTA SPIL

Í leik Ítalíu og Hollands varð suður sagnhafi í 4♠ á báðum borðum:

NORÐUR ♠ G64 ♥ K873 A/Enginn ♦ 93 ♣ ÁG102	
VESTUR ♠ 10 ♥ D109 ♦ D7642 ♣ D976	AUSTUR ♠ D97 ♥ ÁG654 ♦ G10 ♣ K85
SUÐUR ♠ ÁK8532 ♥ 2 ♦ ÁK85 ♣ 43	

Bocchi var við stýrið í opna salnum:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Verhees	Duboin	Jansma	Bocchi
-	-	Pass	1 ♠
Pass	1 G	Pass	2 ♦
Pass	3 ♠	Pass	4 ♠
Allir pass			

Verhees kom út með ♥10, sem var dúkkuð, og hélt áfram með ♥D, lítið úr borði og trompað. Bocchi spilaði strax laufi á gosann og kóng austurs. Jansma skipti yfir í ♦G og Bocchi tók þar tvo efstu og trompaði tígul með ♠G blinds. Ef austur yfirtrompar og spilar sér út á trompi, getur sagnhafi svínað lauftu og hent niður tígli í laufásinn. Í reynd kaus Jansma að henda í slaginn, svo Bocchi stakk einfaldlega fjórða tígulinn. Tíu slagir.

Á hinu borðinu varð Simon de Wijs sagnhafi eftir þessar sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lauria	Muller	Versace	de Wijs
-	-	1 ♥	1 ♠
2 ♥	2 ♠	Pass	4 ♠
Allir pass			

Byrjunin var sú sama, hjartatía út og svo drottning, sem de Wijs trompaði og spilaði laufi.

En nú kom frávikið - Lauria stakk upp ♣D!

De Wijs drap með ás og spilaði ♣G, sem Versace tók með kóngnum og skipti yfir í ♦G.

Nú spilaði de Wijs eins og flestir hefðu gert: Hann tók ♠ÁK og reyndi svo að trompa tígul með ♠G. En Versace gat yfirtrompað, svo vörnin fékk á endanum fjórða slaginn á tígul.



Svíinn Anders Wirgren las um spilið við tölvuna heima í stofu sinni og velti fyrir sér hvort de Wijs hefði valið bestu leiðina eftir þessa snjóllu vörn Lauria. Og komst að þeirri niðurstöðu að de Wijs hefði getað spilað betur.

Í stað þess að spila laufgosa úr borði strax, er betra að taka einu sinni tromp og ♦ÁK áður en laufi er spilað. Hafi austur byrjað með tvíspil í tígli kemst hann ekki þar út og verður að spila laufi eða fría hjartakónginn.

Fegurðarmat: Þetta er rétt athugað hjá Wirgren, þótt fáir myndu finna slíka öryggisspilamennsku við borðið. En það eitt að sagnhafi gæti hafa unnið spilið, skyggir svolítið á fegurðina við vörn Lauria - til að eitthvað sé fagurt í gegn, virðist það þurfa að vera fullkomið.

ANNAÐ SPIL

NORÐUR
 ♠ ÁG76
 ♥ Á976
 ♦ D92
 ♣ K3

Suður spilar 5♦.

SUÐUR
 ♠ K95
 ♥ -
 ♦ Á1076543
 ♣ 1075

Austur hefur meldað hjarta og vestur tekið undir. Útspilið er ♥2, 3ja hæsta.

Hvernig er áætlunin?

(Ábending: Trompið er 2-1 og vestur á KG.)

Flestir sagnhafar fóru niður á 5♦, þrátt fyrir útspil í hjarta. Í öldungaflokki trompaði Ítalinn Mosca útspilið og spilaði strax tígulás og tígli. Vestur komst inn og skipti yfir í ♣D - einn niður:

NORÐUR ♠ ÁG76 ♥ Á976 S/Enginn ♦ D92 ♣ K3	
VESTUR ♠ 8432 ♥ K42 ♦ KG ♣ DG94	AUSTUR ♠ D10 ♥ DG10853 ♦ 8 ♣ Á862
SUÐUR ♠ K95 ♥ - ♦ Á1076543 ♣ 1075	

Á hinu borðinu var Frakkinn Leenhardt við stjórnvölinn, reyndar í norður eftir þessar sagnir:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Garozzo	Leenhardt	De Falco	Dechellette
-	-	-	Pass
Pass	1 ♦	1 ♥	3 ♥ *
Dobl	Redobl	Pass	4 ♥ *
Pass	4 ♠	Pass	5 ♦
Allir pass			

De Falco kom út með ♥D, sem Leenhardt trompaði og lagði niður ♦Á. En stað þess að spila tígli áfram, prófaði Leenhardt spaðann - tók kónginn (tían féll) og spilaði níunni á ásin. Ef drottningin hefði ekki skilað sér, var hugmyndin að henda spaða í hjartaás og treysta á laufás réttan.

En spaðalegan fôr fram úr öllum vonum sagnhafa - austur átti ♠D10 og þar með var hægt að svína fyrir áttuna í vestur og henda tveimur laufum niður heima - í ♥Á og fjórða spaðann.

Fegurðarmat: Ef norður er sagnhafi getur vörnin ekkert gert, svo engin mistök eða handvömm varpa skugga á leið Leenhardt. (Jill Levin spilaði eins í kvennaflokki, en fleiri virðast ekki hafa unnið 5♦.) Aukamöguleikinn var sá að austur hefði byrjað með ♠D10 eða ♠D8. Slík spilamennska útheimtir vandvirkni og tæknilega þekkingu, en eitthvað vantar þó til að gera spilið að sannri perlu - úrvinnslan er vönduð en engin "snilld" kemur við sögu.

ÞRIÐJA SPIL

Góð samvinna hefur feegurðargildi og bestu varnarspilin eru af þeim toga:

NORÐUR			
♠	874		
♥	D1084	A/NS	
♦	KD9		
♣	ÁD5		
VESTUR		AUSTUR	
♠	D6532	♠	Á10
♥	K7	♥	Á65
♦	7	♦	532
♣	97432	♣	KG1086
SUDUR			
♠	KG9		
♥	G932		
♦	ÁG10864		
♣	-		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Madala	Meckstroth	Lambardi	Rodwell
-	-	1 ♣	1 ♦
1 ♠	2 ♣ *	Pass	2 ♥
Pass	4 ♥	Allir pass	

Með tígli út er tiltölulega einfalt að ná 4♠ niður með stungu, en ♥Kx fældi marga frá tíglútspli. Argentínu- maðurinn Madala var í þeim hópi og byrjaði á spaða eftir sagnirnar að ofan. Þetta var á móti bandarísku A-sveitinni.

Lambardi drap og spilaði spaða áfram. Rodwell tók með kóng, fór inn í borð á tígl og henti spaðagosa niður í ♣Á. Hann trompaði svo lauf og spilaði trompi að blindum.

Madala rauk upp með kónginn og spilaði smáum spaða, sem Lambardi trompaði með ás og gaf makker stungu í tígli: einn niður.

Fegurðarmat: Þessi vörn fannst nokkuð víða, en feegurðargildið byggist á tvennu: Góðri samvinnu og þeim óvenjulega leik að trompa í bláinn með ásnum til þess að komst inn.

FJÓRÐA SPIL

Alltaf er viss glæsileiki yfir því að fella blankan kóng á eftir ÁD.

NORÐUR			
♠	D83		
♥	D105	N/AV	
♦	DG982		
♣	86		
VESTUR		AUSTUR	
♠	K1052	♠	9764
♥	ÁG963	♥	84
♦	Á75	♦	103
♣	K	♣	G10943
SUDUR			
♠	ÁG		
♥	K72		
♦	K64		
♣	ÁD752		

Í viðureign bandarísku sveitanna tókst Eric Rodwell að þefa uppi laufkónginn stakan í bakhöndinni.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Greco	Meckstroth	Hampson	Rodwell
-	Pass	Pass	1 ♣ *
Dobl **	1 ♦	1 ♠	1 G
Pass	3 G	Allir pass	

* 16+ ** hálitir



Eric Rodwell

Útsplið var lítið hjarta og Rodwell tók slaginn með kóng heima til að eiga tryggja innkomu í borði síðar. Hann spilaði tígli og Greco drap strax með ás og friaði hjartað með ás og öðru.

Rodwell horfði nú á átta slagi og svíning í laufi leit út fyrir að vera besti möguleikinn á níunda slagnum. En það lá ekkert á. Rodwell tók tíglana og henti spaðgosa í þann fjórða, en austur hafði þá þegar hent tveimur spöðum. Austur kastaði svo þriðja spaðanum í síðasta tíglinn, enda sá hann ekki þörfina á því að hanga á tveimur spöðum þegar sagnhafi var kominn niður á einn.

En þar skjátlaðist honum illilega. Rodwell var með skiptinguna á tæru og vissi að vestur átti einspil í laufi. Hann spilaði næst spaða á ásinn og lagði niður laufásinn að heiman!

Dálitið drýðið, en Rodwell var sama þótt kóngurinn kæmi ekki, því þá yrði austur að gefa slag á drottninguna í lokin.

Fegurðarmat: Ef austur heldur í tvo spaða getur sagnhafi ekki leyft sér þennan munað og verður að svína laufdrottningu. Svo vörnin var hjálpleg. En Rodwell gerði vel í því að henda fyrst spaðagosa í fjórða tíglinn, frekar en laufi. Þannig lokkaði hann austur til að fækka enn við sig spöðum, sem var lykillinn að öryggisspilamennskunni.

FIMMTA SPIL

NORÐUR			
♠	ÁKG2		
♥	G		
♦	ÁG32		
♣	D643		
SUDUR		Suður spilar 3G.	
♠	943		
♥	Á843		
♦	K5		
♣	Á1075		
			AV hafa ekkert skipt sér af sögnum og útsplið er ♥5, fjórða hæsta. Austur fær að eiga fyrsta slaginn á ♥D og spilar næst ♥K.
			Taktu við.

Hjarta kom út á báðum borðum í leik Ítalíu og Egyptalands. Nunes var sagnhafi fyrir hönd Ítala og hann dúkkaði hjarta tvisvar í byrjun. Það þoldi hann ekki, því vestur komst inn á laufkóng og gat tekið tvo fríslagi á hjarta:

NORÐUR			
♠	ÁKG2		
♥	G	N/NS	
♦	ÁG32		
♣	D643		
VESTUR		AUSTUR	
♠	76	♠	D1085
♥	107652	♥	KD9
♦	D876	♦	1094
♣	K2	♣	G98
SUDUR			
♠	943		
♥	Á843		
♦	K5		
♣	Á1075		

Egyptinn Sadek spilaði betur á hinu borðinu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	El Ahmady	Lauria	Sadek
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	1 G
Pass	2 ♣	Pass	3 ♥
Pass	3 G	Allir pass	

Kerfið er eðlilegt og stökkið í 3♥ virðist vera tilboð um að spila 3G eða 5♣ - sennilega spunnið upp við borðið ...

En hvað um það. Versace kom út með hjarta og Lauria átti fyrsta slaginn á ♥D. Hann spilaði ♥K og Sadek lagði frá sér spilinn og hrærði í kaffibollanum.



Egyptinn Tarek Sadek

Fékk sér svo sopa og stakk upp ♥Á í þeirri von að liturinn myndi stíflast - að austur ætti ♥KD10 eða ♥KD9. Hann spilaði næst ♣Á og laufi. Versace átti slaginn á ♣K og skipti yfir í spaða. Þar með var ljóst að hjartað var stíflað og Sadek tryggði sér níu slagi á glæsi- legan hátt: Hann drap á ♠Á, tók svo tvisvar lauf og spilaði litlu hjarta að heiman! Lauria fékk slaginn á ♥9 og varð að spila upp í gaffal í spaða eða tigli.

Fegurðarmat: Hjartaiferðin sem slík er hittingur, því auðvitað gæti austur átt ♥KD7 eða ♥KD6, alveg eins og ♥KD10 eða ♥KD9. En sú ákvörðun Sadeks að drepa á hjartaás í öðrum slag réðst fyrst og fremst af laufflitnum - ef hjartaliturinn stíflast, má vestur eiga kónginn í laufi, sem eykur líkurnar á að hægt sé að verka laufið upp á þrjá slagi. Það var svo snotur (og ósvífinn) loka- hnykkur að spila hjarta og neyða austur til að gefa níunda slaginn. Því miður hefði einföld tígulsvíning dugað og sú staðreynd varpar örlitlum skugga á glæsileik spilsins.

SJÖTTA SPIL

NORÐUR
♠ K8754
♥ -
♦ K106542
♣ D5

SUÐUR
♠ -
♥ ÁDG10972
♦ 7
♣ ÁK862

Suður spilar 4♥.

Vestur var gjafari og vakti á spaðahindrun. Útspil er ♣G.

Hvernig er áætlunin?

Á flestum borðum missti suður stjórn á sér í sögnnum og keyrði í slemmu ...

NORÐUR

♠ K8754

♥ -

♦ K106542

♣ D5

V/Allir

VESTUR

♠ ÁG109632

♥ 85

♦ DG9

♣ G

AUSTUR

♠ D

♥ K643

♦ Á83

♣ 109743

SUÐUR

♠ -

♥ ÁDG10972

♦ 7

♣ ÁK862

... en Alan Sontag sýndi mikla stillingu - reyndar eftir óvenju hógværa hindrun vesturs:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Lasut	Weichsel	Manoppo	Sontag
2 ♦	Pass	2 ♠	4 ♥
Allir pass			

Bandaríkjamenn og Indónesar mætt- ust í úrslitaleiknum í öldungaflokki, en hér eru þeir að kljást í raðkeppninni. Lasut er furðu rólegur að vekja á *multi* 2♦ með svo góðan sjölit og Manoppo velur spaðann og sýnir um leið vilja til að spila 3♥ á móti hjartalit. Það dró úr slemmuáhuga Sontags og hann lauk sögnnum með 4♥.

Einspilið í laufi kom út og Sontag valdi að taka slaginn heima og spila ♥Á og ♥9. Austur drap á kónginn og spilaði aftur laufi og legan kom í ljós (vestur henti spaða).

Sontag trompaði nú spaða og renndi niður öllum hjörtunum:

NORÐUR

♠ K8

♥ -

♦ K106

♣ -

VESTUR

♠ ÁG

♥ -

♦ DG9

♣ -

AUSTUR

♠ -

♥ -

♦ Á8

♣ 1097

SUÐUR

♠ -

♥ 7

♦ 7

♣ K86

Ef austur hendir laufi í síðasta trompið, verður hann sendur þar inn og þarf þá að gefa síðasta slaginn á tígulkóng.

Í reynd henti Manoppo tigli og Sontag spilaði honum inn á ásinn blankan, dúkkaði svo lauftíuna og fékk síðustu tvo slagina á ♣K8.

Fegurðarmat: Nett og hnökralaus spila- mennska, en í raun sjálfgefin ef gert er ráð fyrir tígulásnum í austur. Þrír aðrir spilarar unnu 4♥ á sama hátt.

Á hinu borðinu misstu Indónesar algerlega tók á spilinu og enduðu í 7♣ dobluðum - 1100 niður:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bates	Sawiruddin	Stansby	Sacul
3 ♠	Pass	Pass	4 G *
Pass	6 ♦	Pass	6 ♥
Pass	Pass	Dobl	Pass
Pass	7 ♣	Dobl	Allir pass

* úttekt

Norður skildi 4G sem úttekt í láglitina (nema hvað?) og stökk því í 6♦, en líklega hefur áætlun Saculs verið sú að segja 5♥ við 5♦ (þótt það gæti auðvitað misskilist líka).

SJÖUNDA SPIL

Hvenær er rétti tíminn til að fá sér blund við spilaborðið?

♠ 973 ♥ 108432 ♦ 105432 ♣ -

Helst aldrei, en þegar maður tekur upp þrettán héppa og mótherjarnir leggja upp í slemmuleiðangur er freistandi að höggva mávinn rétt á meðan. Norberto Bocchi hélt þó vöku sinni og uppskar vel fyrir árveknina.

NORÐUR

♠ DG2

♥ KDG7

♦ K

♣ ÁD1065

A/Enginn

VESTUR

♠ 105

♥ 9

♦ G986

♣ KG7432

AUSTUR

♠ 973

♥ 108432

♦ 105432

♣ -

SUÐUR

♠ ÁK864

♥ Á65

♦ ÁD7

♣ 98

Spilið er frá leik Ítala og bandarísku B-sveitarinnar:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Duboin	Moss	Bocchi	Gitelman
-	-	Pass	1 ♠
Pass	2 ♣	Pass	2 G
Pass	3 ♠	Pass	4 ♦
Pass	4 ♥	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Dobl	5 ♦
Pass	5 ♥	Pass	5 G
Pass	7 ♠	Allir pass	

Moss og Gitleman spila Standard og tvö lauf er krafa í geim. Eftir að Moss tekur undir spaðann á þriðja þrepi taka við fyrirstöðusagnir og síðan spyr Gitelman um lykilsþil með fjórum gröndum. Svarið á 5♣ sýnir eitt lykilsþil (1430-svör) og Bocchi sýnir að hann er vakandi þegar hann doblar á eyðuna!

Moss reiknaði með að doblid væri byggt á laufkóng og lét sér því ekki detta í hug að velja 7G, enda gat verið nauðsynlegt a trompa tígul á þrílitinn.

Duboin spilaði út laufi eins og um var beðið, sem Bocchi trompaði og Moss reytti hár sitt af bræði.

Fegurðarmat: Vissulega þarf ekki mikla tækni til að skjóta inn einu dobli, en hér er það tímasetningin sem öllu máli skiptir - með því að koma inn á hárréttum tímamarki tekst Bocchi að leiðbeina makker án þess að styggja mótherjana.

Greco hafði ekki sama tímaskyn á hinu borðinu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hampson	Fantoni	Greco	Nunes
-	-	Pass	1 ♠
Pass	2 ♣	Pass	2 G
Pass	3 ♠	Pass	3 G
Pass	4 ♣	Pass	4 ♦
Pass	4 ♥	Pass	4 G
Pass	5 ♣	Pass	5 ♦
Pass	5 G	Pass	6 ♦
Pass	7 ♠	Dobl	Pass
Pass	7 G	Allir pass	

Hér kemur upp sama staða í sögnum; norður krefur í geim og setur spaðann sem tromplit með 3♠. Síðan byrja fyrirstöðuþreifingar.

Greco gat doblað 4♣ og 5♣, en hann lét bæði tækifæri ganga sér úr greipum og sá sig svo tilneyddan til að dobla 7♠. En þá var auðvelt fyrir Fantoni að breyta í 7G.

Þetta stef endurtók sig í mörgum leikjum.



Norberto Bocchi

ÁTTUNDA SPIL

Hugrekki er dyggð og dyggðir eru fagar. Justin Hackett kemst í flokkinn fríða fyrir hugdirfsku sína í þessu spili:

NORÐUR		
♠	104	
♥	1096	N/Enginn
♦	K865	
♣	10932	
VESTUR		AUSTUR
♠	83	♠ G6
♥	D532	♥ ÁKG74
♦	G742	♦ ÁD10
♣	D87	♣ 654
SUÐUR		
♠	ÁKD9752	
♥	8	
♦	93	
♣	ÁKG	

Hackettbræðurnir, Justin og Jason, voru með spil NS á móti Japönum í tvöföldum sýningarleik - bæði á töflu á mótsstað og töflu á Bridgebase.com.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Chen	Jason	Furuta	Justin
-	Pass	1 ♥	Dobl
3 ♥	Pass	Pass	4 ♠
Allir pass			



Justin Hackett

Útspilið var tromp og Justin stakk upp tíunni í þeirri von að komast inn í borð til að svina í laufinu. Það gekk ekki eftir - blessunarlega, fyrir Justin, eins og síðar kom á daginn.

Eftir sagnir taldi Justin víst að austur ætti tígulásinn og því leit út fyrir að laufdrottningin yrði að koma niður önnur. En það gat ekkert kostað að þreyta andstæðingana svolítið og Justin tók því öll trompin nema eitt. Austur henti fljótlega tveimur laufhundum og Justin túlkaði það svo að vestur væri með ♣D vel valdaða. Og sýndi sanna karlmennsku þegar hann fylgdi sannfæringu sinni eftir með því að spila laufgosa að heiman, undan ÁK!

Aumingja vestur átti ekki von á slíku bellibragði og dúkkaði.

Fegurðarmat: Justin stóð sig vel - bæði las afköstin rétt og hafði svo kjark til að leggja snöru fyrir vestur. En blekkingin er ekki fullkomin, því AV höfðu ærinn tækifæri til að skiptast á upplýsingum og afstýra þessum ósköpum.

NÍUNDA SPIL

Falleg stiklusteinsþvingun var í boði næsta spili, en bæði ungir og gamlir refir misstu af tækifærinu:

NORÐUR		
♠	D86	
♥	G9	S/AV
♦	Á83	
♣	ÁD1084	
VESTUR		AUSTUR
♠	Á973	♠ K2
♥	KD1073	♥ 842
♦	6	♦ D754
♣	K62	♣ 9753
SUÐUR		
♠	G1054	
♥	Á65	
♦	KG1092	
♣	G	

Þrjú grönd voru spiluð út um víðan völl, meðal annars í sýningarleik Brasilíu og B-sveitar USA :

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Moss	Villas Boas	Gitleman	Chagas
-	-	-	1 ♦
1 ♥	2 ♣	Pass	2 ♦
Pass	2 ♥	Pass	2 G
Pass	3 G	Allir pass	

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Pedro B.	Hampson	Marcelo B.	Greco
-	-	-	1 ♦
2 ♦ *	3 ♣	Pass	3 G
Allir pass			

* hálitir

Báðir sagnhafar (Chagas og Greco) fengu út hjá hjarta. Þeir dúkkuðu hjartað tvisvar og fengu þriðja slaginn á ♥Á. Spiluðu svo laufgosa í fjórða slag og Chagas hafði heppnina með sér þegar vestur lagði kónginn á, en Pedro Branco gerði það ekki gegn Greco og það dugði til að fella geimið.

Þessi spilamennska er ekki til fyrirmyndar, því það er til falleg vinningsleið, sem ekki byggir á varnarmistökum.

Sér lesandinn hvernig hægt er að vinna spilið?

(sjá næstu blaðsíðu)

Vinningsleiðin snýst um að fresta því að spila laufinu um sinn. Fara fyrst í tígulinn, spila tígulgosa á ás og hleypa áttunni. Taka svo alla tígulslagina og ná upp þessari stöðu:

		NORÐUR	
		♠	D8
		♥	-
		♦	-
		♣	ÁD10
VESTUR		AUSTUR	
♠	Á	♠	K2
♥	10	♥	-
♦	-	♦	-
♣	K62	♣	975
		SUBUR	
		♠	G1054
		♥	-
		♦	-
		♣	G

Vestur verður að halda í ♣Kxx. Sagnhafi svínar nú laufgosa, sendir vestur inn á spaða og fær síðustu tvo slagina á lauf. Stiklusteinn.

Fegurðarmat: Spilið sem slíkt er stórglæsilegt, ekki síst vegna þess að öruggasta leiðin til vinnings er að drepa á hjartaás í fyrsta slag - ef hjarta er dúkkað tvívegis getur vestur komið í veg fyrir innkastið í lokin með því að skipta yfir í lauf. En þótt spilið sé fagurt, fara engar sögur af því að nokkrum spilara hafi tekist að brjóta það undir sig. Og hvað er hestur án knapa?

TÍUNDA SPIL

Er einn fugl í hendi betri en tveir í skógi? Jeff Meckstroth hélt ekki - hann sleppti einum fugli og fékk tvo í staðinn:

		NORÐUR	
		♠	ÁKD8
		♥	G10765
		♦	86
		♣	104
VESTUR		AUSTUR	
♠	1074	♠	G5
♥	Á432	♥	K8
♦	72	♦	D1094
♣	D982	♣	KG765
		SUBUR	
		♠	9632
		♥	D9
		♦	ÁKG53
		♣	Á3

Hverjar eru horfur suðurs í fjórum spöðum með litlu laufi út?

Fjórir spaðar voru spilaðir á báðum borðum í leik Ítalíu og Bandaríkjanna í síðustu umferð raðkeppninnar. Soloway fékk út tígul upp í gaffalinn, svo það var vandalaust að vinna spilið með því að taka trompin og fría fimmta tígulinn.

Meckstroth hitti á betra útspil gegn Lorenzo Lauria - lítið lauf.

Lauria drap kóng austurs og tók þrisvar tromp. Spilaði svo litlu hjarta á drottninguna í þessari stöðu ...

		NORÐUR	
		♠	8
		♥	G10765
		♦	86
		♣	10
VESTUR		AUSTUR	
♠	-	♠	-
♥	Á432	♥	K8
♦	72	♦	D1094
♣	D92	♣	G76
		SUBUR	
		♠	9
		♥	D9
		♦	ÁKG53
		♣	3

... og Meckstroth dúkkaði!

Þar með verður hjartaliturinn ekki verkaður og Lauria reyndi að fría tígulinn með því að taka ÁK og trompa tígul. En þegar austur reyndist eiga drottningu fjórðu var spilið tapað.



Jeff Meckstroth - fórnaði fugli fyrir þrjú.

Fegurðarmat: Svo er að sjá sem leið Lauria sé tæknilega rétt. Ekki er betra að bíða með trompið og spila hjartanu fyrst, því þá getur vörmin upphafið slag á tromp. Og þótt hægt sé að vinna spilið með því að svína tígulgosa á einhverjum tímamarki, er það fráleit spilamennska. Sú staðreynd að sagnhafi spilaði vel gerir vörn vesturs enn tilkomumeiri.

Lokaorð: Það er með fögur spil eins og fagar konur - þegar komið er í flokk tíu bestu er erfitt að gera upp á milli - og sennilega ræður einstaklingsbundinn smekkur mestu á þeim punkti.




Jeff Hampson, liðsmaður B-sveitar Bandaríkjanna. Hann kom á síðustu Brides-hátíð Flugleiða.



Kirsten Möller, konan í bronslíði Dana í öldungaflokknum. Kirsten spilaði við Jens Auken, en maður hennar Steen Möller við Peter Lund. Þriðja parið var Georg Norris og Flemming Dahl.



Lorenzo Lauria með bandarískum félagamönnum sínum og kostara, George Jakobs.



Yfirkeppnisstjórinn - Hollendingurinn Ton Krooijman.

KAFAD EFTIR PERLUM

Þótt ýmislegt fróðlegt komi upp úr kafinu þegar spilin úr fjórðungs- og undanúrslitum HM eru skoðuð, er fátt um fagrar perlur. Spennustigið hefur hækkað, en við það fjölgar fingurbrjótum og menn missa kjarkinn og hugarflugioð - nema þeir allra reyndustu. Hér á eftir verða rakin fáein athyglisverð spil frá þessum hluta mótsins - en perlustimpil fá þau ekki.

Kæfubrids

Við byrjum á vangaveltum um sagnir. Þú átt þessa hunda í norður, sem gjafari og það eru allir á hættu:

♠ D109832 ♥ D82 ♦ G62 ♣ 3

Viltu opna á veikum tveimur?

Segjum sem svo að þú getir það ekki af kerfisástæðum (eða kjarkleysi). Þú passar og næst þegar að þér kemur er þetta staðan:

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	Pass	1 G	Pass
2 ♦ *	?		

Tveir tíglar er yfirfærsla í hjarta.

Viltu gera eitthvað núna?

Sá sem ekki þorir að opna á spilin, hefur varla kjark til að melda hér. Og fáir sjá svo sem nokkurn tilgang með því.

NORÐUR		AUSTUR	
♠ D109832		♠ ÁG7	
♥ D82	N/Allir	♥ K96	
♦ G62		♦ Á43	
♣ 3		♣ ÁG94	
VESTUR		SUÐUR	
♠ -		♠ K654	
♥ G107543		♥ Á	
♦ D85		♦ K1097	
♣ D876		♣ K1052	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	P. Branco	Freeman	M. Branco
-	Pass	1 G	Pass
2 ♦ *	Pass	2 ♥	Pass
3 ♥	Pass	4 ♥	Allir pass

Í opna flokknum fengu AV að spila 4♥ á fimm borðum af átta þótt NS eigi 10-spila fitt í spaða. Geimið er skothelt í austur og vannst alls staðar.

Sagnirnar á undan eru úr leik USA-1 og Brasilíu, en á hinu borðinu fundu NS spaðasamleguna eftir opnun Meckstroths á multi-2♦:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Chagas	Meckstroth	Villas-Boas	Rodwell
-	2 ♦ *	2 G	Pass
3 ♦ *	Pass	3 ♥	4 ♠
Dobl	Allir pass		

Rodwell hlustar einn hring, heyrir að litur makkers er spaði og stekkur í geimið, sem auðvitað er doblað.

Chagas var óheppinn með útspilið - lítið lauf. Villas-Boas drap á ásinn og lagði niður ♦Á. Chagas vísaði lýmskulega frá og austur skipti þá yfir í hjarta.

Rodwell spilaði spaða á drottninguna og ás austurs, drap tígulinn sem kom um hæl með kóng, henti tígli í ♣K, stakk tígul og svínaði fyrir ♠G: Tíu slagir.

Hinir tveir sagnhafarnir sem spiluðu 4♠ fóru einn niður eftir útspil í hjarta, en unnu samt vel á spilinu.



Spurning: Hvernig getur það gerst að NS blandi sér ekkert í sagnir á 5 af “bestu” 8 borðum heims?

Svar: Það er óttinn við að gera mistök og sá misskilningur að “pass” sé ábyrgðarlaus sögn.

Sleggja mótsins

Þegar norður tekur upp spilin sín á hann erfitt með að ímynda sér annan tromplit en spaða. En ...

NORÐUR		AUSTUR	
♠ ÁKG1098632		♠ -	
♥ -		♥ KG1097	
♦ D75		♦ G10	
♣ Á		♣ 976543	
VESTUR		SUÐUR	
♠ D754		♠ -	
♥ D852		♥ Á643	
♦ 64		♦ ÁK9832	
♣ K108		♣ DG2	

Vestur	Norður	Austur	Suður
Moss	Fornasari	Gitelman	Palazzo
Pass	2 ♣	Pass	3 ♦
Pass	5 G	Pass	7 ♣
Pass	7 ♦	?	

Á austur að dobla sjö tíglar til útspils?

Eins og sést, standa 7♦ á borðinu, en sá samningur var aðeins spilaður á tveimur borðum í opna flokknum - sem var reyndar í sama leik, milli Argentínu og USA-2. Á hinum borðunum sex lentu NS í 7♠ eða 7G, 1-3 niður.

En víkjum að sagnröðinni á undan. Norður vekur á alkröfu og suður sýnir góðan langlit í tígli. Norður gengur hreint til verks og spyr um tígulinn með 5G og suður segist eiga þar tvo efstu.

Leikurinn var sýndur á töflu og David Berkowitz og Barnet Shenkin voru meðal skýrenda og veltu fyrir sér hvort Gitelman ætti að dobla 7♦, og í framhaldi af því, hvort norður ætti þá að taka út í 7♠. Í reynd doblaði Gitelman ekki og skömmu síðar skráðu NS 2140 í plúsdálkinn.

En hvað á norður að gera ef austur doblar. Á hann að breyta í 7♠? Berkowitz og Shenkin fóru í marga hringi, en komust svo að þeirri rökréttu niðurstöðu að suður ætti að leysa málið með því að redobla. Hann sér að makker á spaðalit og veit því að dobl austurs er byggt á spaðaeyðu og það er nokkuð sem suður óttast ekki.

Á hinu borðinu fengu Ekeblad og Rubín frítt spil í relay-kerfi sínu:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Monsegur	Ekeblad	Mooney	Rubin
Pass	1 ♣ ¹⁾	Pass	1 ♠ ²⁾
Pass	1 G ³⁾	Pass	2 ♣ ⁴⁾
Pass	2 ♦ ⁵⁾	Pass	3 ♣ ⁶⁾
Pass	4 ♦ ⁷⁾	Pass	4 G ⁸⁾
Pass	5 ♣ ⁹⁾	Pass	5 ♦ ¹⁰⁾
Pass	7 ♦	Allir pass	

- (1) Sterkt lauf.
- (2) 12+ HP, ójöfn skipting.
- (3) Biðsögn.
- (4) Sex-spila láglitur.
- (5) Biðsögn.
- (6) 6 tíglar og 4 hjörta.
- (7) RKC í tígli.
- (8) Þrjú lykilsplil.
- (9) “Áttu eitthvað ósagt?”
- (10) “Nei.”

Vel gert, en hvað er eiginlega að austri að leyfa þessum relay-mönnum að leika lausum hala - hann á 6-5 skiptingu og segir aldrei múkk.

Refsingin er réttlát.

Meldað á spilin

Beir segja að erfitt sé að þagga niður í Jeff Meckstroth:

♠ 872 ♥ 10943 ♦ 42 ♣ D652

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	Pass
1 ♠	2 ♠*	3 ♠	?

Innákoma makkers er *Michaels*, sýnir hjarta og láglit. Þú ert utan hættu gegn á.

Viltu blanda þér í sagnir?

Punktarnir verða að láta í minni pokann fyrir *fittinu*, ekki síst á þessum hættum:

NORÐUR	AUSTUR
♠ 6	♠ ÁG105
♥ ÁKD82	♥ G5
♦ Á7	♦ K986
♣ ÁKG107	♣ 843

VESTUR	SUÐUR
♠ KD943	♠ 872
♥ 76	♥ 10943
♦ DG1053	♦ 42
♣ 9	♣ D652

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rubin	Rodwell	Ekeblad	Meckstroth
-	-	Pass	Pass
1 ♠	2 ♠*	3 ♠	4 ♥
Pass	5 G	Pass	6 ♥
Allir pass			

Hvað svo sem Meckstroth hafði í huga með 4♥-sögninni, þá bjóst hann ekki við því að makker myndi gefa alslemmu-áskorun í næsta hring. - En allt fór vel að lokum; 6♥ unnust léttilega og sú slemma náðist ekki á öðrum borðum.

Viðkvæmt geim

NORÐUR
♠ 1085
♥ 1082
♦ Á7642
♣ Á2

SUÐUR
♠ 76
♥ ÁDG65
♦ 9
♣ KD765

Suður spilar 4♥ eftir að vestur hefur sagt spaða og austur stutt litinn. Út kemur ♠K, sem austur yfirdrepur og spilar spaðagosa og þriðja spaðanum.

Taktu við.

Þú trompar þriðja spaðann, auðvitað, spilar ♣ÁK og stingur lauf með tíu blinds. Austur reynist eiga tvílit í laufi og hann hendir tígli í þriðja laufið.

Nú er að fara í trompið.

Norberto Bocchi velti vöngum nokkra hrið, en ákvað svo að spila hjarta á *ásinn*:

NORÐUR	AUSTUR
♠ 1085	♠ ÁG4
♥ 1082	♥ 9743
♦ Á7642	♦ KG53
♣ Á2	♣ G9

VESTUR	SUÐUR
♠ KD932	♠ 76
♥ K	♥ ÁDG65
♦ D108	♦ 9
♣ 10843	♣ KD765

Vestur	Norður	Austur	Suður
Bertheau	Duboin	Nyström	Bocchi
-	-	-	1 ♥
1 ♠	2 ♥	2 ♠	3 ♣
Pass	4 ♥	Allir pass	

Sem var vel heppnað þegar kóngurinn kom siglandi blankur í bakið.

Austur hefði svo sem getað hent í ♥10 með ♥K9xx - og þá verður að svína í trompi - en slíka vörn er erfitt að finna, ekki síst á réttum hraða. Nyström sýndi engin streitumerki þegar hann fleygði tígli í þriðja laufið og Bocchi túlkaði það réttilega svo að Sviinn hefði ekki um neitt að hugsa.

Millileikur

Næst er að tylla sér í vestur, í vörn gegn spaðabút:

NORÐUR
♠ 1043
♥ D
♦ 873
♣ ÁD10942

VESTUR
♠ G9
♥ KG976
♦ ÁK62
♣ G8

Vestur	Norður	Austur	Suður
Sacul	K. Möller	Sawiruddin	Auken
-	-	-	1 ♠
2 ♥	2 ♠	3 ♥	Pass
Pass	3 ♠	Allir pass	

Þú kemur út með ♦Á og makker lætur ♦4. Þið kallið lágt/hátt. Og svo ?

Austur gæti átt tvíspil í tígli, eða þá drottninguna. En það dugir ekki til að ná þessu niður - makker þarf að eiga eitthvað fleira gott, alla vega ♥Á og svartan kóng. Með tilliti til þess liggur varla á að spila tíglinum.

Er til millileikur?



Denny Sacul.

Indónesinn Denny Sacul var partur af genginu sem rústaði Íslandi í átta liða úrslitum ÓL 1996. Hann er nú löggilt bridsgamalmenni og hélt á spilum vesturs í leik við Dani í öldungaflokki:

NORÐUR	AUSTUR
♠ 1043	♠ K85
♥ D	♥ Á10832
♦ 873	♦ G104
♣ ÁD10942	♣ 73

VESTUR	SUÐUR
♠ G9	♠ ÁD762
♥ KG976	♥ 54
♦ ÁK62	♦ D95
♣ G8	♣ K65

Sacul lagði niður ♥K í öðrum slag. Sá netti millileikur beytti öllu, því nú gat austur yfirdrepið með ás og spilað tígulgosa. Þar með fékk vörnin þrjá slagi á tígul, einn á hjarta og einn á tromp.

Á hinu borðinu spilaði Steen Möller tígli áfram og suður fékk á drottninguna og þar með níu slagi.



Þessa stöðu eiga menn að skrá í kollinn: ás út frá ÁK og þrjú hundar í borði. Það er alltaf möguleiki að makker eigi G10x og telji sig ekki hafa efni á gosanum, svo það er þess virði að reyna að finna millileik.

Spurning um stíl

Þú ert í sporum Nick Nickells í vörn gegn 4♠:

NORDUR
♠ D1054
♥ DG9643 V/Allir
♦ 54
♣ 9

AUSTUR
♠ 9
♥ K1072
♦ G1062
♣ G1053

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Gitelman	Nickell	Moss
1 ♦	Pass	1 ♥	1 ♠
Pass	3 ♠	Pass	4 ♠
Allir pass			

Makker kemur út með ♥Á.

Hvaða spil viltu láta í slaginn og hvað þýðir það?

Eitt er víst: þó svo að vestur eigi annað hjarta til, mun hann aldrei spila því - og það vita báðir varnarspilarar. Þess vegna er freistandi að líta svo að kall/frávisun viki hér fyrir hliðarkalli:

NORDUR
♠ D1054
♥ DG9643
♦ 54
♣ 9

VESTUR
♠ G86
♥ Á
♦ ÁD98
♣ D8762

AUSTUR
♠ 9
♥ K1072
♦ G1062
♣ G1053

SUDUR
♠ ÁK732
♥ 85
♦ K73
♣ ÁK4

Ef hliðarkall er í gildi, er ♥7 rétta spilið (miðjan) til að sýna áhugaleysi í báðum hliðarlitum.

Nú liggur það ekki fyrir hvernig varnarstíl þeir Nickell og Freeman spila, en í reynd lét Nickell sjöuna og Freeman skipti yfir í tromp.



Nick Nickell.

Sú góða vörn dugði þó ekki til. Moss lét lítið úr borði og drap níuna með ás. Henti tígli í lauf og spilaði síðan hjarta á drottninguna. Nickell drap og spilaði enn hjarta, en Moss stakk frá með kóng og svinaði spaðatíu. Sem er rökrétt spilamennska, því hann veit að vestur á varla tíu spil í láglitunum (þá hefði hann meldað við einum spaða).

Einfalt er best

Suður spilar þrjú grönd og fær út lítið lauf:

NORDUR
♠ 10963
♥ 4
♦ D98532
♣ D2

SUDUR
♠ KD4
♥ Á765
♦ Á6
♣ ÁKG10

Hvernig er best að spila?

Bæði Eric Rodwell og Jeff Hampson stóðu í þessum sporum og þeir fóru eins af stað: tóku slaginn heima og spiluðu ♦Á og tígli.

NORDUR
♠ 10963
♥ 4
♦ D98532
♣ D2

VESTUR
♠ G2
♥ KD83
♦ K107
♣ 8653

AUSTUR
♠ Á875
♥ G1092
♦ G4
♣ 974

SUDUR
♠ KD4
♥ Á765
♦ Á6
♣ ÁKG10

Sem er furðu slök spilamennska af þeirra hálfu, því hagstæð lega í tígli dugir ekki ef vestur skiptir yfir í hjarta - þá er sambandslaust heim til að taka laufslagina.

Eina raunhæfa vinningsvönin er að spila upp á ♠Gx og hlamma niður hjónunum meðan laufdrottningin er enn í borði.

Það er önnur saga að vestur dúkkaði síðari tígulinn á báðum borðum og gaf sagnhafa þar með annað tækifæri, sem Hampson nýtti sér, en Rodwell ekki.

Lífsreglur Hammans

Bob Hamman hélt á eftirfarandi spilum í vestur og átti út þremur gröndum:

♠ D108 ♥ 54 ♦ G107 ♣ DG732

Vestur	Norður	Austur	Suður
Hamman	Greco	Soloway	Hampson
-	-	1 ♠	Pass
Pass	Dobl	Pass	3 G
Allir pass			

Ekki er víst að allir séu sammála passinu við spaðaopnun makkers, en hver deilir við Bob Hamman um slík smámál?

Hvert er annars útspilið?

NORDUR
♠ 75
♥ KDG10 A/AV
♦ K932
♣ 1094

VESTUR
♠ D108
♥ 54
♦ G107
♣ DG732

AUSTUR
♠ K9432
♥ Á9872
♦ Á8
♣ 8

SUDUR
♠ ÁG6
♥ 63
♦ D654
♣ ÁK65

Hamman valdi lítið lauf og Hampson fékk þannig fyrsta slaginn á tíuna í borði.

Hampson spilaði ♥K og ♥D og Soloway dúkkaði tvisvar. Þá kom tígull á drottningu og lítill tígull frá báðum höndum. Þegar ásinn sló vindhögg voru níu slagir í húsi.

Soloway hefði þurft að drepa á ♥Á í annan gang og skipta yfir í spaða, en því skyldi hann gera það? Bæði gat makker verið með eitt hjarta og svo leit ekki út fyrir að vestur ætti mikið í spaða úr því hann kom ekki þar út.

Hamman er frægur fyrir sínar einföldu lífsreglur, sem allar byrja eins og boðorðin tíu: *Þú skalt og þú skalt ekki ...* Ein hljóðar svo: *Þú skalt alltaf spila út í lit makkers ...*

En þess ber að geta að reglurnar gilda aðeins fyrir makker - ekki Hamman sjálfan.

ÚRSLITALEIKURINN

GAROZZO reyndist sannspár - álögum var létt af Lauria og Lavazza-sveitin vann sætan sigur á Nickell og hefndi þannig ófaranna frá Monte Carlo 2003. En ekki var munurinn mikill frekar en fyrri daginn, aðeins 18 IMPar, og lengi vel leit út fyrir bandarískan sigur.

Bandaríkjamenn burstuðu Ítali í raðkeppninni og hófu því úrslitaleikinn með 20 IMPa í "carry over". Þeir unnu fyrstu þrjár loturnar (að vísu naumlega) og sú fjórða var hnífjöfn. Þegar leikurinn var hálfnaður höfðu þeir 31 IMPa umfram Ítali, sem er töluvert þegar þessi lið eiga í hlut. En Ítalir virtust hafa betra úthald og þeim tókst að snúa leiknum sér í vil og vinna fjórar síðustu loturnar.

Sagt er að úrslitaleikir sú almennt illa spilaðir og er háu spennustigi kennt um. Kannski er nokkuð til í því, en þessir menn eru spennunni vanir og margt var virkilega vel gert á báða bóga. Hér á eftir verða rakin markverðustu spil úrslitaleiksins og lesandinn fyrst settur í spor keppenda áður en allur sannleikurinn er afhjúpaður.

Persónur og leikendur eru:

Ítalía: *Lorenza Lauria, Alfredo Versace, Norberto Bocchi, Giorgio Duboin, Claudio Nunes og Fulvio Fantoni.*

Bandaríkin: *Bob Hamman, Paul Soloway, Eric Rodwell, Jeff Meckstroth, Nick Nickell og Dick Freeman.*

Fyrsta þraut

Þú ert í vörn gegn 3G (áttum snúið):

BLINDUR		ÞÚ	
♠ D975		♠ ÁG3	
♥ 94		♥ G6	
♦ ÁKD942		♦ 876	
♣ G		♣ 96542	
<i>Útspil ♠4</i>			

MAKKER	BLINDUR	ÞÚ	SAGNHAFI
-	1 ♦ *	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	2 ♣
Pass	3 ♦	Pass	3 G ///

* Precision og 2* er GK

Sagnhafi lætur smátt úr borði.

Hvernig viltu taka á málinu?

LOTUR	c/o	1	2	3	4	5	6	7	8	ALLS
Ítalía	-	19	33	22	43	42	32	30	47	268
Bandaríkin	20	24	37	24	43	17	18	29	38	250

Spil 2

NORÐUR		
♠ 10842		
♥ ÁK108	A/NS	
♦ 1053		
♣ D8		
VESTUR	AUSTUR	
♠ K6	♠ D975	
♥ D7532	♥ 94	
♦ G	♦ ÁKD942	
♣ ÁK1073	♣ G	
SUÐUR		
♠ ÁG3		
♥ G6		
♦ 876		
♣ 96542		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Rodwell	Lauria	Meckstroth	Versace
-	-	1 ♦ *	Pass
1 ♥	Pass	1 ♠	Pass
2 ♣ **	Pass	3 ♦	Pass
3 G	Allir pass		

Útspil: ♠4

Lauria/Versace nota "attitude" útspil og Versace tók mark á því að tvisturinn var ósæður. Hann rauk upp með ásinn og skipti yfir í ♥G - einn niður.

Á hinu borðinu kom Hamman út með ♠2 og Soloway lét gosann, svo sagnhafi komst að til að taka níu slagi. Hið sama gerðist í hinum flokkunum, spaði kom almennt út (og stundum meira að segja áttan), en suður lét alltaf gosann.

Vörn Versace er rökrétt. Hann veit að makker á minnst fjórlit í hjarta og varla góðan spaða úr því hann gat ekki ströglad. Versace sér líka að tígullinn skilar sagnhafa sex slögum og því þarf sennilega að hafa snarar hendur í vörninni.

Önnur þraut

Þú ert í austur með þessi spil ...

♠ D865 ♥ G1032 ♦ KD5 ♣ 83

... og makker opnar á Standard-laufi.

Þú svarar á hjarta og næsti kemur inn á 1G=15-18.

VESTUR	NORÐUR	ÞÚ	SUÐUR
1 ♣	Pass	1 ♥	1 G
Pass	Pass	???	

Viltu melda og þá hvað?

Spil 20

NORÐUR		
♠ G32		
♥ K854	V/Allir	
♦ 63		
♣ 7652		
VESTUR	AUSTUR	
♠ Á1097	♠ D865	
♥ 96	♥ G1032	
♦ Á109	♦ KD5	
♣ ÁG94	♣ 83	
SUÐUR		
♠ K4		
♥ ÁD7		
♦ G8742		
♣ KD10		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Lauria	Nickell	Versace
1 ♣	Pass	1 ♥	1 G
Pass	Pass	Dobl ///	

Nickell doblaði og uppskar 500-kall fyrir tvo niður (Versace fékk einn slag á spaða, þrjá á hjarta og einn á lauf).

Doblíð virkar hart, en kannski á austur einmitt réttu spilin til að sekta: ekki nóg í geim, en gott stopp í þremur litum.

Hinum megin spilaði Nunes eitt grand í vestur og vann tvö.

Þriðja þraut

Þú ert í vörn gegn 4♥ (áttum snúið):

BLINDUR		ÞÚ	
♠ ÁD6		♠ 3	
♥ K54		♥ Á93	
♦ Á10863		♦ DG92	
♣ D9		♣ Á7653	
<i>Útspil ♣8</i>			

MAKKER	BLINDUR	ÞÚ	SAGNHAFI
-	-	1 ♦	1 ♥
1 ♠	2 ♠ *	Pass	3 ♥
Pass	4 ♥ ///		

* sterk hjartahækkun

Makker spilar út ♣8.

Hvernig viltu verjast?

Spil 21

NORÐUR
 ♠ 3
 ♥ Á93 N/NS
 ♦ DG92
 ♣ Á7653

VESTUR AUSTUR
 ♠ ÁD6 ♠ 987
 ♥ K54 ♥ D10762
 ♦ Á10863 ♦ -
 ♣ D9 ♣ KG1042

SUÐUR
 ♠ KG10542
 ♥ G8
 ♦ K754
 ♣ 8

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Rodwell	Fantoni	Meckstroth
-	1 ♦	1 ♥	1 ♠
2 ♠ *	Pass	3 ♥	Pass
4 ♥ ///			

Rodwell tók á ♣Á og skipti yfir í einspilið í spaða í öðrum slag. Hann rauk svo strax upp með hjartaásinn, gaf makker laufstungu og fékk sjálfur stungu í spaða - einn niður.

Í opna salnum fór Versace fór tvo niður á 2♠ eftir dauflegar sagnir:

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Lauria	Nickell	Versace
-	1 ♣	Pass	1 ♠
2 ♦	Pass	Pass	2 ♠ ///

Fjórða þraut

Þú ert með þessi spil í austur ...

♠ - ♥ Á943 ♦ KD854 ♣ 9863

... og byrjar á því að dubla neikvætt til að sýna hjartalit, en lendir síðan í erfiðri ákvörðun:

VESTUR	NORÐUR	ÞÚ	SUÐUR
-	-	-	Pass
1 ♣	1 ♠	Dobl *	3 ♠
Pass	4 ♠	???	

Það eru allir á hættu.

Viltu láta að þér kveða?

Glitnir
auglýsing

Spil 23

NORÐUR
 ♠ ÁDG85
 ♥ K10 S/Allir
 ♦ 93
 ♣ ÁG107

VESTUR AUSTUR
 ♠ K1064 ♠ -
 ♥ DG7 ♥ Á943
 ♦ Á2 ♦ KD854
 ♣ D542 ♣ 9863

SUÐUR
 ♠ 9732
 ♥ 8652
 ♦ G1076
 ♣ K

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Lauria	Nickell	Versace
-	-	-	Pass
1 ♣	1 ♠	Dobl *	3 ♠
Pass	4 ♠	5 ♣	Pass
Pass	Dobl ///		

* neikvætt dobl, lofar hjartalit

Nickell skaut á 5♣, en skotið geigaði illa og lenti í fætinum á Freeman. En það væri ósanngjart að gagnrýna ákvörðun Nickells of hart - frá hans bæjardryrum gæti verið geim í báðar áttir ef makker á lítið í spaða og 5-lit í laufi.

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Rodwell	Fantoni	Meckstroth
-	-	-	Pass
1 G	Dobl	2 ♣ *	Pass
2 ♦	2 ♠	2 G **	4 ♠
Pass	Pass	Dobl ///	

* yfirfærsla í tígul ** úttekt

Tveir niður dublaðir á hættunni á báðum borðum, samtals 1000-kall og 14 IMPar til Ítala. Það munar um minna.

Fimmta þraut

BLINDUR

♠ -
 ♥ Á1098652
 ♦ 96
 ♣ K753

ÞÚ

♠ KD102
 ♥ D3
 ♦ Á1043
 ♣ G109

Þú spilar 4♥.

Þú vaktir á veiku grandí, næsti kom inn á spaðasögn og makker stökk í 4♣ til að yfirfæra í hjarta.

Útspilið er ♦D (Rusinow), sem þú dúkkar, en drepur næst ♦G og ... *hvað svo?*



Segjum að þú spilar ♣G og látir hann fara yfir. Hann heldur.

Hvað nú?

Spil 30

NORÐUR
 ♠ Á874
 ♥ KG7 A/Enginn
 ♦ 852
 ♣ 864

VESTUR AUSTUR
 ♠ - ♠ KD102
 ♥ Á1098652 ♥ D3
 ♦ 96 ♦ Á1043
 ♣ K753 ♣ G109

SUÐUR
 ♠ G9653
 ♥ 4
 ♦ KDG7
 ♣ ÁD2

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Rodwell	Fantoni	Meckstroth
-	-	1 G	2 ♦ *
4 ♣ **	Pass	4 ♥ ///	

* hálitur ** yfirfærsla í hjarta

Eftir að hafa svinað ♣G í þriðja slag, skipti Fantoni um áætlun: fór í veiðiferð með spaðakónginn, en trompaði og spilaði hjarta að ♥D3. Rodwell rauk upp með ásinn og spilaði tígli í þriðja sinn. Fantoni stakk og tók á ♥D. Það var síðasta innkoman heima og hana varð að nota til að svína aftur í laufi. En nú var það of seint - Meckstroth drap á ♣Á, spilaði fjórða tíglinum og byggði upp slag á ♥G makkers.

Fantoni var á réttari leið, en hann varð að spila laufinu *tvisvar* í byrjun til að gefa ekki færi á uppfærslunni í trompinu.

Virkilega lúmskt.

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Lauria	Nickell	Versace
-	-	1 ♦	1 ♠
2 ♥	2 G *	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Dobl ///	

* fjórlitur í spaða, 6-9 punktar (*mixed raise*)

Hinum megin var Versace dublaður í 4♠ og slapp einn niður eftir ♥Á út.

Sjötta þraut

Það eru allir utan hættu og þú átt að hefja leikinn með þessi spil:

♠ D4 ♥ 9865 ♦ 4 ♣ KDG1086

Er þetta opnun á þremur laufum í þínum bókum?

Spil 46

NORÐUR
 ♠ K1072
 ♥ 107
 ♦ KG1032
 ♣ 93

A/Enginn

AUSTUR
 ♠ D4
 ♥ 9865
 ♦ 4
 ♣ KDG1086

SUÐUR
 ♠ ÁG95
 ♥ 432
 ♦ 65
 ♣ Á542

Jeff Meckstroth vakti á 3♣, sat þar sem fastast og tók tíu slagi: 130.

Hinum megin passaði Lauria í byrjun:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Hamman	Lauria	Soloway
-	-	Pass	Pass
1 ♦	Pass	2 ♣	Pass
2 ♥	Pass	3 ♣	Pass
3 ♠	Pass	4 ♥ ///	

Sennilega hefur Versace ekki lofað fjórlit í hjarta með 2♥ og því endurmeldar Lauria laufið fyrst. En þeir finna hjartafittið á endanum og Versace tók léttilega tíu slagi eftir tromp út. (Þrisvar spaði í byrjun hnekkir geiminu, en sú vörn er vandfundin.)

Anton Haraldsson hefur stúderað Ítalina vandlega og hann segir að Lauria noti varla hindrunarsagnir: "Alla vega aldrei ef hann sér minnsta möguleika á geimi."

Sjöunda þraut

Þú ert í vörn gegn 3G (áttum snúið):

BLINDUR
 ♠ 10763
 ♥ DG32
 ♦ G85
 ♣ 72

ÞÚ
 ♠ D94
 ♥ K9876
 ♦ 104
 ♣ KG5

Útspil ♦6

MAKKER	BLINDUR	ÞÚ	SAGNHAFI
-	Pass	Pass	1 ♣ *
Pass	1 ♦	Pass	2 G
Pass	3 ♣	Pass	3 ♦
Pass	3 G ///		

Eftir sterkt lauf sýnir sagnhafi jafnskipta 22-23 punkta og neitar svo hálit.

Makker kemur út með ♦6, fjórða hæsta, sagnhafi tekur heima á kóng og spilar hjartatíu. **Viltu taka slaginn?**

Sagnhafi á væntanlega ♥Á10x og þá er varla slæmt að dúkka. En OK. Segjum að þú drepir og spilar tígli. Sagnhafi tekur með ás og spilar spaðaás og spaðakóng.

Er eitthvað að brjótast í þér núna?

Spil 60

NORÐUR
 ♠ D94
 ♥ K9876
 ♦ 104
 ♣ KG5

V/NS

VESTUR
 ♠ 10763
 ♥ DG32
 ♦ G85
 ♣ 72

AUSTUR
 ♠ ÁK2
 ♥ Á105
 ♦ ÁK
 ♣ Á10863

SUÐUR
 ♠ G85
 ♥ 4
 ♦ D97632
 ♣ D94

Vestur	Norður	Austur	Suður
Soloway	Bocchi	Hamman	Duboin
Pass	Pass	1 ♣ *	Pass
1 ♦ *	Pass	2 G	Pass
3 ♣ **	Pass	3 ♦	Pass
3 G ///			

* sterkt lauf og afmelding ** Stayman

Bocchi fórnaði spaðadrottningunni undir kónginn og opnaði þannig makker leið inn á tígulinn.

Rodwell lenti í sömu stöðu í hinu borðinu, en féll á prófinu - lét lítinn spaða. Sagnhafi gat þá fríað níunda slaginn á spaðatíu án þess að suður kæmist inn til að taka frítíglana.

Áttunda þraut

Það eru allir á hættu. Makker opnar í annarri hendi á einum spaða og næsti doblar:

♠ 8 ♥ DG8 ♦ DG9875 ♣ D102

MAKKER	NORÐUR	ÞÚ	SUÐUR
-	-	-	Pass
1 ♠	Dobl	???	

Viltu segja eitthvað á þessa hunda?

**HÖFUÐSTÖÐVAR BSÍ
 SÍÐUMÚLA 37 Í REYKJAVÍK**

**Bækur, sagnbox, spilabakkar
 og aðrar bridsvörur fyrir
 áhugasama spilara.**

Spil 71

NORÐUR
 ♠ G9
 ♥ ÁK104
 ♦ K43
 ♣ K976

S/Allir

AUSTUR
 ♠ 8
 ♥ DG8
 ♦ DG9875
 ♣ D102

SUÐUR
 ♠ D753
 ♥ 6532
 ♦ 10
 ♣ ÁG83

Vestur	Norður	Austur	Suður
Freeman	Bocchi	Nickell	Duboin
-	-	-	Pass
1 ♠	Dobl	Pass	2 ♥ ///

Nickell valdi að passa og Freeman líka (þótt 2♠ sé vissulega til í dæminu), svo Duboin fékk að spila 2♥.

Hærra mátti ekki fara: Freeman tók ♠ÁK og spilaði tíunni í þriðja slag - lauf úr borði og austur trompaði. Austur spilaði tígli á ásinn, fékk spaða um hæl og þannig fimmta slaginn með trompuppfaerslu.

Í hinum salnum vakti Fantoni á 2♠, sem sýnir sexlit og litla opnun í þeirra kerfi. Rodwell doblaði og Meckstroth sagði 3♥, sem voru spiluð og fóru einn niður með sömu vörn. Sem sagt: 110 og 100 til Ítala, eða 5 IMPar. Ekkert stórfenglegt, en spil af þessu tagi telja drjúgt þegar upp er staðið.

Lítum aftur á vanda austurs eftir opnun makkers á spaða og opnunardobl: Það væri alltof glannalegt að berjast í 3♦ við 2♥, því þá eru NS búnir að tjá sig og eru í aðstöðu til að dobla til sektar með feitan tígul. En ef austur segir 2♦ strax við opnunardoblinu er auðvelt fyrir vestur að berjast í 3♦. Þótt sá samningur fari einn niður, er líklegt að NS berjist í 3♥ og þá hefur austur sparað sveit sinni 5 IMPa með einni látlausri sögn.

Það er í svona spilum sem það afhjúpast að Nickell er bakhjarl (sponsor), en ekki spilari í sama gæðaflokki og hinir - leikskilningurinn er ekki sá sami

Ef BOLS-heilræðin væru ekki löngu dottin upp fyrir væri freistandi að segja sem svo:

Settu makker inn í myndina ef það kostar ekki neitt. Meldaðu á meðan hættan er lítil.

Hér kostar 2ja tígla sögnin ekkert.

Niunda þraut

Þú ert í vörn gegn 5♣ dobluðum, með sjálfan Bob Hamman sem makker.

BLINDUR			
♠	G54		
♥	Á6		
♦	D93		
♣	D8542		
ÞÚ		MAKKER	
♠	K	♠	10
♥	DG8732		
♦	G1086		
♣	G6		

ÞÚ	BLINDUR	MAKKER	SAGNHAFI
-	-	1 ♠	2 ♣
Dobl *	5 ♣	Dobl ///	

Þú leggur niður ♠K og hann á slaginn, en makker fylgir með ♠10. Þið eruð af gamla skólanum og kallið hátt/lágt.

Hverju spilarðu í öðrum slag?

Spil 85	NORÐUR		
	♠ Á10983		
	♥ 10954	N/NS	
	♦ ÁK7		
	♣ 10		
VESTUR		AUSTUR	
♠ G54		♠ D762	
♥ Á6		♥ K	
♦ D93		♦ 542	
♣ D8542		♣ ÁK973	
	SUÐUR		
	♠ K		
	♥ DG8732		
	♦ G1086		
	♣ G6		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Hamman	Fantoni	Soloway
-	1 ♠	2 ♣	Dobl *
5 ♣	Dobl ///		

Soloway skipti yfir í ♥D. Fantoni komst þá að og gat hent tígli í ♥Á og slapp auk þess við spaðastunguna: tveir niður og aðeins 300. Hinum megin unnu Lauria/Versace 4♥ í NS (620).

Soloway hefur vafalítið túlkað ♠10 sem hliðarkall, en Hamman hefur einfaldlega verið að kalla í spaða.

Hvor hefur rétt fyrir sér?

Það veltur á stílnum, auðvitað, en manni virðist sem Hamman hafi sofið á verðinum - það er varla ástæða til að kalla í stöðunni (því ekki dúkkar sagnhafi með ásinn) og því ætti að vera óhætt að benda á tígulinn með lægsta spaðanum.

Tíunda þraut

Þú ert á hættu gegn utan með þessa 10 punkta hönd:

♠	6	♥	KG974	♦	D102	♣	KG73
---	---	---	-------	---	------	---	------

Makker opnar á tígli og næsti stekkur hindrandi í tvo spaða:

VESTUR	MAKKER	AUSTUR	ÞÚ
-	1 ♦	2 ♠	???

Hvernig viltu bregðast við?

Spil 101	NORÐUR		
	♠ -		
	♥ ÁD6	N/NS	
	♦ K9876		
	♣ ÁD1098		
VESTUR		AUSTUR	
♠ ÁD9832		♠ KG10754	
♥ 3		♥ 10852	
♦ ÁG543		♦ -	
♣ 6		♣ 542	
	SUÐUR		
	♠ 6		
	♥ KG974		
	♦ D102		
	♣ KG73		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
-	1 ♦	2 ♠	Dobl
4 ♠	5 ♣	Pass	Pass
5 ♦	Pass	5 ♠	Pass
Pass	Dobl ///		

Einhvern veginn virðist sjálfgefið að dbla neikvætt og það var val Duboins. En ekki var það vel heppnað; hjartasamlegan kom aldrei í ljós og AV fengu að spila 5♠ doblaða, sem unnust auðveldlega.

Sex hjörtu er þokkaleg slemma í NS og gæti jafnvel unnist í norður, þrátt fyrir leguna í tígli.

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Meckstroth	Fantoni	Rodwell
-	1 ♦	2 ♠	3 ♦ *
4 ♠	5 ♠	Dobl	Pass
6 ♠	Dobl ///		

* yfirfærsla í hjarta

Hér ná NS frumkvæðinu í sögnum og ástæðan er hin harða hjartamelding Rodwells á þriðja þrepi. Einspil suðurs í spaða og hættur benda til að vestur muni hindra frekar og því er skynsamlegt að koma hjartalitnum strax á framfæri. Þá verður framhaldið auðveldara.

“Lengi býr að fyrstu gerð,” er gömul speki, sem mætti umorða í **BOLS**-heilræði: *Fyrsta sögnin er mikilvægust.*

Ellefta þraut

Makker opnar á 2♣, Precision, sem sýnir sexlit og 11-15 punkta. Næsti doblar ...

♠	D75	♥	Á97632	♦	85	♣	108
---	-----	---	--------	---	----	---	-----

Viltu segja eitthvað á þessu stigi?

♠♥♦♣

Dobarinn á vafalítið 3-4 hjörtu og því er tilgangslítið og beinlínis hættulegt að melda hjartað. Þú passar því og sagnir taka óvænta stefnu:

MAKKER	NORÐUR	ÞÚ	SUÐUR
2 ♣	Dobl	Pass	2 ♥
Dobl	Pass	???	

Hvað nú?

Spil 108	NORÐUR		
	♠ KG94		
	♥ KD4	V/NS	
	♦ 10743		
	♣ KD		
VESTUR		AUSTUR	
♠ Á63		♠ D75	
♥ -		♥ Á97632	
♦ DG92		♦ 85	
♣ Á97542		♣ 108	
	SUÐUR		
	♠ 1082		
	♥ G1085		
	♦ ÁK6		
	♣ G63		

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nunes	Meckstroth	Fantoni	Rodwell
2 ♣	Dobl	Pass	2 ♥
Dobl	Pass	3 ♣ ///	

Fantoni sýndi fádæma góða dómgreind með því að taka út í 3♣. Nunes klúðraði slag og fór tvo niður, en það var aðeins 100-kall og lítið upp í geim á hættunni sem NS hefðu ella fengið í dobluðum hjartabútt.

Já - 2♥ standa. Sagnhafi þarf ekki annað en sækja sér einn slag á spaðakóng og þá fær hann átta slagi með því að stinga laufgosa í hátt í blindum. - Hitt borðið:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Nickell	Bocchi	Freeman	Duboin
1 ♣	Dobl	2 ♥ ///	

Þrír niður, en svona er kerfið - stökkið í 2♥ er veikt.

Þessi sagnvenja er á misskilningi byggð. Hugsunin með hindrunarsögnum er að gera andstæðingunum lífið leitt - ekki makker. Hér hefði svar á 1♥ leitt til þess að vestur hefði spilað 2♣.

Tólfta þraut

Félagi vekur á 1♦ og þú svarar að sjálf-sögðu með 1♥:

♠ D43 ♥ KG83 ♦ D ♣ 87642

Makker bregst við því með 2♣, sem sýnir minnst 9 spil í láglitunum.

Er þetta nóg eða viltu meira?

Spil 114

NORÐUR
♠ 8752
♥ D10952 A/NS
♦ Á2
♣ D5

VESTUR
♠ D43
♥ KG83
♦ D
♣ 87642

AUSTUR
♠ Á109
♥ -
♦ K108753
♣ ÁKG3

SUÐUR
♠ KG6
♥ Á764
♦ G964
♣ 109

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Soloway	Fantoni	Hamman	Nunes
-	-	1 ♦	Pass
1 ♥	Pass	2 ♣ ///	

Soloway sá ekki ástæðu til að lyfta og Hamman sat eftir í 2♣ - og fékk ellefu slagi.

Versace var liflegri:

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Meckstroth	Lauria	Rodwell
-	-	1 ♦	Pass
1 ♥	Pass	2 ♣	Pass
3 ♣	Pass	3 ♦	Pass
4 ♣	Pass	5 ♣ ///	

Sömu ellefu slagirnir.

Lærdómur?

Kannski sá að taka ekki einhliða ákvörðun.

Þrettánda þraut

Andstæðingur þinn á hægri hönd vekur á einum tígli. Allir á hættu:

♠ ÁD1092 ♥ G9753 ♦ 75 ♣ 2

Þitt er valið:

- pass, einn spaði eða Michaels tveir tíglar?

Spil 119

NORÐUR
♠ K86
♥ KD
♦ D6432
♣ DG7

S/Allir

VESTUR
♠ ÁD1092
♥ G9753
♦ 75
♣ 2

AUSTUR
♠ 3
♥ Á10842
♦ KG9
♣ 8643

SUÐUR
♠ G754
♥ 6
♦ Á108
♣ ÁK1095

Opinn salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Versace	Meckstroth	Lauria	Rodwell
-	-	-	1 ♦ *
2 ♦ **	2 ♥ ***	4 ♥ ///	

* Precision ** hálitir *** sterk spil

Meckstroth fær prik fyrir að dubla ekki 4♥, en mikið hlýtur að vera pirrandi að horfa á andstæðingana rúlla í tveimur sögnum upp í óhnekkjandi geim á hættunni á 15 punkta samtals.

Hefði geimið náðst ef Versace hefði látið nægja að strögla á 1♠? - Varla. Var hættulegt að segja 2♦? - Ekki ef makker tekur það sem 10 spil í hálitum án þess að segja mikið um styrkinn.

Soloway fékk erfiðara verkefni á hinu borðinu, því þar vakti Fantoni á 2♣, *Precision-style*:

Vestur	Norður	Austur	Suður
Soloway	Fantoni	Hamman	Nunes
-	-	-	2 ♣
Pass	2 ♦	Pass	2 ♠
Pass	3 ♣ ///		

Slétt staðið og 110 til viðbótar við 620 á hinu borðinu: 12 ítalskir IMPar.

Fjórtaða þraut

Þú ert í vörn gegn 5♣:

BLINDUR
♠ Á4
♥ K1064
♦ K
♣ K108632

Þú
♠ 9765
♥ Á932
♦ G10654
♣ -

Útspil ♥7

Um sagnhafa er það vitað að hann á fjórlið í spaða, fimmlit í laufi og lágmarksopnun. Makker kemur út með ♥7 (þriðja hæsta) - kóngur, ás og fimma.

Hvað svo?

Spil 124

NORÐUR
♠ KD82
♥ 85
♦ D7
♣ ÁDG95

V/NS

VESTUR
♠ 9765
♥ Á932
♦ G10654
♣ -

AUSTUR
♠ G103
♥ DG7
♦ Á9832
♣ 74

SUÐUR
♠ Á4
♥ K1064
♦ K
♣ K108632

Lokaður salur

Vestur	Norður	Austur	Suður
Soloway	Fantoni	Hamman	Nunes
Pass	1 ♣	Pass	2 ♣
Pass	2 ♠	Pass	3 ♣
Pass	3 ♠	Pass	4 ♣
Pass	4 ♦	Pass	4 ♥
Pass	5 ♣ ///		

Fullnægjandi skýringar á sögnum liggja ekki fyrir, en sennilega hefur Hamman búist við hjartalit (eða styrk) í borði og því valið að spila út sjöunni frekar en drottningunni. Það reynist oft vel - til dæmis ef blindur á ÁK10 eða K108 á móti Áxx - en í þetta sinn ruglaði útspilið Soloway í ríminu og hann skipti yfir í spaða. Fantoni gat þá losað sig við tígulkónginn niður í spaða og tryggt sér 11 slagi.

Vörn Soloways virðist vafasöm, en ef við leyfum honum að njóta vafans - sem er sanngjarn - þá gæti sagnhafi verið með ...

♠ D10xx ♥ Dx ♦ Dx ♣ ÁDGxx

... og fundið þann snjalla blekkingar-leik að stinga upp ♥K. (Fjórir tíglar norðurs virðist ekki hafa verið fölsk fyrirstöðusögn - kannski svar á lykilspilum.)

Á hinu borðinu varð suður sagnhafi í sama samningi og þar kom út ♦G upp á ás og ♥D um hæl - einn niður og 12 IMPar til Ítala.

♠ ♥ ♦ ♣

Nú voru einungis fjögur spil eftir af leiknum og staðan 262-234 Ítölum í vil, eða 28 IMPa munur. Ítalskur sigur virtist innan seilingar, en í næsta spili fengu Ítalir þungan skell, sem kostaði þá 16 IMPa ...

Fimmtánda þraut

BLINDUR

♠ K8743
♥ D
♦ K6
♣ ÁKD52

ÞÚ

♠ 6
♥ ÁK104
♦ Á942
♣ 10976

Þú spilar 6♣.

Útspil: ♦D.

(AV skiptu sér ekkert af sögnum, nema hvað útspilarinn - vestur - doblaði tígulsögn þína á þriðja þrepi.)

Hvernig viltu byrja?

Segjum að þú drepir á tígulás og spilar spaða að blindum. Vestur lætur drottninguna.

Kónginn upp eða dúkka?

Þú lætur kónginn, austur drepur og trompar út - nía, gosi og ás.

Framhaldið?

Þú trompar spaða, spilar hjarta á drottningu og leggur niður ♣K, en vestur fylgir ekki. Allt í lagi - þú trompar enn spaða og tekur ♥ÁK. Báðir fylgja, sem betur fer, en austur lætur gosann í þriðja hjartað.

BLINDUR

♠ -
♥ -
♦ K
♣ D52

ÞÚ

♠ -
♥ 10
♦ 942
♣ -

Nú er eitt tromp úti - áttan - og þú þarft að komast inn í borð til að ná því.

Möguleikarnir eru tveir, þú getur stungið hjartað smátt (og hætt á yfirtrompun) eða spilað tígli á kóng.

Þitt er valið.

Spil 125

NORÐUR

♠ K8743
♥ D
♦ K6
♣ ÁKD52

N/Allir

VESTUR

♠ DG10
♥ 762
♦ DG10873
♣ G

AUSTUR

♠ Á952
♥ G9853
♦ 5
♣ 843

SUÐUR

♠ 6
♥ ÁK104
♦ Á942
♣ 10976

Sex lauf voru spiluð í báðum sölum. Meckstroth varð sagnhafi í norður og Lauria kom út með hjarta. Meckstroth tók slaginn á drottninguna og spilaði litum spaða undan kóngnum. Versace í

vestur fékk slaginn og skipti yfir í tígul, sem Meckstroth tók heima með kóng, stakk spaða, fór heim á lauf og stakk aftur spaða. Hann tók svo trompin, fór inn í borð á tígulás og henti síðustu spöðunum niður í ♥ÁK: 12 slagir.

Á hinu borðinu varð Fantoni í suður sagnhafi og fékk út ♦D frá Soloway, sem áður hafði doblað þriggja tígla gervisögn suðurs.

Fantoni tók slaginn heima á ♦Á og spilaði spaða að blindum og bar gætu til að stinga upp kóng (ella fer spilið strax niður á tígulstungu). Hamman drap og trompaði út. Síðan spilaði Fantoni (réttilega) eins og rakið er á undan, en þegar hann þurfti að velja í lokastöðunni á milli þess að trompa hjarta eða spila tígli, valdi hann tígulinn og Hamman trompaði með áttunni og uppskar þannig fyrir blekkingu sína með hjartagosann.

Bandaríkjamenn unnu 16 IMPa á spilinu, svo nú var munurinn aðeins 12 IMPar og þrjú spil eftir. Í næsta spili keyrðu Lauria/Versace í hart geim, sem vannst og Ítalir unnu þar 6 IMPa, en síðustu tvö spilin féllu átakalítið. Leikum lauk því með 18 IMPa sigri Ítala.

Rannsóknir Tona

Anton Haraldsson hefur lagt sig eftir að rannsaka spilamennsku Ítala, bæði í þessu móti og öðrum. Hans helsta niðurstaða er sú að Ítalir séu bestir í vörn og úrspili, en lakari í sögnum, einkum á slemmusvæðinu - sem gengur þvert á skoðun Garozzos, sem áður hefur komið fram.

Samkvæmt rannsóknum Antons spiluðu Ítalir sama samning og andstaðan í rúmlega 43% tilfella (sem er með því mesta sem gerist). Í mótinu öllu spiluðu Ítalir 724 spil, þar af 314 þar sem sami samningur var á báðum borðum. Þar skoruðu þeir 415 IMPa og gáfu út 175.

Í sjálfum úrslitaleiknum var spilaður sami samningur báðum megin í 51 spili af 128. Ítalir yfirspiluðu Bandaríkjamenn 79-23 í þessum spilum, en IMPar Bandaríkjamanna komu auk þess flestir í slemmuspílinu dýra hér á síðunni.

Þá vita menn það - Ítalir eru bestir!

- GPA

Spil austurs

Spil 1

V/AV

♠ K5
♥ 108643
♦ 98
♣ Á762

Spil 2

A/Allir

♠ DG43
♥ D64
♦ ÁK9
♣ G87

Spil 3

V/NS

♠ K98643
♥ 6
♦ KD75
♣ Á6

Spil 4

A/Enginn

♠ D763
♥ 9
♦ ÁG
♣ ÁKG954

Spil 5

V/NS

♠ DG3
♥ Á752
♦ KDG103
♣ D

Spil 6

A/NS

♠ -
♥ KD9854
♦ ÁD1095
♣ ÁK

Spil 7

V/Enginn

♠ Á6
♥ Á4
♦ D974
♣ 97653

Spil 8

A/AV

♠ KG
♥ ÁK96
♦ Á3
♣ ÁG762

Spil 9

V/NS

♠ 843
♥ ÁD43
♦ D85
♣ K76

Spil 10

A/Enginn

♠ 7
♥ ÁK65
♦ ÁG1054
♣ Á76

